



Leikarahjón
saman á sviðinu



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 20. JANÚAR 2023



Leynd ríkir í kókaínmáli

Sakborningarnir í stærsta kókaínmáli Íslandssögunnar mættu í gær í Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem aðalmeðferð í máli þeirra hófst. Þeir eru ákærðir fyrir innflutning á nær hundrað kílóum af kókaíni. Ekki er leyfilegt að fjalla um framburð þeirra fyrir en öllum skýrslutökum er lokið. SJÁ SÍÐU 4 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTIR 2



Mótmeala hernaði
Rússa í Garðastræti

ÍPRÓ 12



Allt undir gegn
meisturum Svía

LÍFIÐ 20

Ari er smár



Grænar bakteríur fóðri Evrópubúa

MATVÆLI „Ég trúi því að við gætum orðið matarkista Evrópu,“ segir Arnar Þór Skúlason, annar tveggja Íslendinga sem komu að rannsókn sem sýnir að Ísland getur séð 40 milljón manns fyrir próteini.

Rannsókn fjallaði um spírúlinu, blágræna bakteríu sem Arnar segir stundum titlaða ofurfæðu.

„Neytendur verða að vera spenntir og sækja í svona fæðu,“ segir Arnar Þór. Verkefnið er því að gera neytendur spennta fyrir blágrænum bakteríum á diska sína. SJÁ SÍÐU 4



Arnar Þór Skúlason, matvælafræðingur hjá HÍ

Allir umsækjendurnir eru komnir aftur til landsins

Dómsmálaráðherra segir nýjstu vendingar í málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd sýna stjórnlaust kerfi.

ser@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Allir nítján umsækjendurnir sem sýnað var um alþjóðlega vernd og sendir voru úr landi síðastliðið haust eru aftur komnir til landsins. Þetta staðfestir Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra.

Jón segir þetta til marks um að verndarkerfið hér á landi sé stjórnlaust, en allir umræddir umsækjendur hafi fengið fulla málsmeðferð hér á landi og notið löglærðs talsmanns, en hafi að lokum verið sýnað um vernd. Upphaflega hafi



Þetta er hringavitleysa. Við erum komin í ógöngur sem þjóð á þessu sviði.



Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra

átt að senda 35 úr landi með sömu flugvél. Aðeins hafi náðst að senda nítján þeirra á brott. Þeir séu nú allir komnir til baka og búnir að endurnýja umsókn sína og „komnir á framfæri íslenskra skattgreiðenda,“ segir Jón. „Þetta er stjórnleysi,“ segir ráðherrann og bætir við: „Þetta er hringavitleysa. Við erum komin í ógöngur sem þjóð á þessu sviði.“

Jón segir vandann heimatilbúinn. „Rót hans er sú að löggjöf okkar er linari en landanna í kringum okkur. Og sú fiskisaga flýgur víða sem ýtir undir að hingað koma hópar umsækjenda til að reyna fyrir sér í íslenska kerfinu,“ segir Jón sem ræðir við Fréttablaðið um ráðherraferil sinn – og hvort og hvenær honum ljúki. SJÁ SÍÐU 8



Eigum bíla lausa til afhendingar strax!



Atvinnubílar

Nýr rafmagnaður
ID. BUZZ
CARGO

H Hekla www.volkswagen.is



5 ára ábyrgð hjá Heklu

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum Heklu að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd



Snjóflutningar í Reykjavík í gær.

Mikið magn af snjó flutt á brott

gar@frettabladid.is

VEÐUR Reykjavíkurborg hefur undanfarna daga flutt gríðarlega mikið af snjó í Elliðaárdal. Snjónum er mokað af götum Reykjavíkur í fjölda bíla sem flytja hann þangað.

„Þetta er umfangsmikið verk sem hefur gengið ágætlega,“ segir Hjalti Jóhannes Guðmundsson, skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins, sem telur að bílarnir séu tuttugu til þrjátíu talsins. „Þetta er gríðarlegt magn af snjó,“ segir Hjalti.

Í dag er búist við miklum hlýindum og úrkomu og gert er ráð fyrir asahláku. Tryggingafélög hafa því varað viðskiptavinum sínum við því að mikil hætta sé á vatnstjóni og mikilvægt að gera videigandi ráðstafanir. eru þeir hvattir til að hreinsa snjó, klaka og önnur óhreinindi frá niðurföllum við hús sín.

Bent er á að tryggingar bæta ekki vatnstjón sem verður vegna utan- aðkomandi vatns frá svölum, þakrennum eða frárennslisleiðum. ■

Ferðaþjónustan stillir saman strengi



Alls kynnti 231 fyrirtæki starfsemi sína á Mannamótum, árlegri ferðakaupstefnu þar sem landsbyggðafyrirtæki í ferðaþjónustu kynna þjónustu sína fyrir ferðaþjónustuaðilum á höfuðborgarsvæðinu. Á dögum kynnti Ferðamálastofu spá fyrir næstu ár þar sem því var spáð að rúmlega þrjár milljónir ferðamanna kæmu til landsins árið 2025 og því nóg af verkefnum fram undan við að sýna sparihlíðar Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Litáar geti fagnað án aðstoðar frá Degi

gar@frettabladid.is

REYKJAVÍKURBORG „Vilnius mun án efa geta fagnað afmæli sínu með glæsibrag þótt borgarstjóri Reykjavíkur sé ekki mættur á staðinn í eigin persónu,“ segir Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins.

Kolbrún gagnrýndi í borgarráði í gær að Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ætlaði með aðstoðarmanni sínum til Vilnius í Litáen þar sem fagna á 700 ára afmæli borgarinnar í næstu viku.

„Svona ferð er alveg álitamál í ljósi slæmrar fjárhagsstöðu borgarinnar,“ bókaði Kolbrún í borgarráði í gær.

Í greinargerð borgarstjóra vegna ferðarinnar segir að borist hafi



Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins

ósk um að hann myndi taka þátt í alþjóðlegri ráðstefnu þar sem borgarstjórar í Evrópu og víðar deili „árangri af athyglisverðum verkefnum, sem aðrar borgir geta lært af“, eins og það er orðað.

„Borgarstjóri heimsótti Vilnius, Riga og Tallinn í mars á síðasta ári til að sýna táknrænan stuðning við borgirnar í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu,“ segir borgarstjórinn í bréfi sínu. ■

Líka harmleikur fyrir Rússa

Reiknað er með fjölmenni á mótmæli gegn hernaðinum í Úkraínu við sendiráð Rússa á morgun. Einn skipuleggjandi segir að taka muni áratugi fyrir löndin tvö að jafna sig.

benediktarnar@frettabladid.is

ÚKRAÍNA „Þetta er harmleikur tveggja landa. Það mun taka áratugi að jafna sig á þessu,“ segir Andrei Menshenin, skipuleggjandi mótmælanna Russians against the war, sem fara fram klukkan tvö á morgun, laugardag, fyrir utan rússneska sendiráðið í Reykjavík.

Búist er við fjölmenni á mótmælunum. Maria Alyokhina, meðlimur rússneska andófslíðahópsins Pussy Riot, verður meðal ræðumanna.

Mótmælin eru skipulögð af Íslandsdeild Russians against the war. Hópurinn hefur staðið fyrir fjölmörgum mótmælum við rússneska sendiráðið. Andrei vonast eftir að mótmælin verði fjölmenn af fólki af öllum þjóðernum sem er á móti innrás Rússa í Úkraínu.

„Ég finn fyrir mikilli sorg vegna stríðsins,“ segir Andrei. „Þetta stríð er harmleikur tveggja landa. Þetta er harmleikur fyrir Úkraínu, þar sem fjöldi fólks hefur tapað lífi sínu eða öllu sem það átti. En þetta er einnig harmleikur fyrir Rússland. Efnahagurinn er í rúst og framtíð landsins er í algerrri óvissu,“ segir Andrei. Hann bætir við að hundruð þúsunda Rússa hafi þurft að flýja landið í leit að betra lífi.

Andrei segir að hann óttist um líf skyldmenna sinna og vina í Rússlandi. Hann reynir að vera í daglegum samskiptum við fólkið sitt, en að hans sögn er öryggi þess og mannréttindum ógnað daglega.

„Þetta eru mikil vonbrigði. Í upphafi innrásarinnar héldum við að þessu yrði lokið fljótlega og að samið yrði um frið. En núna sjáum



Á laugardag mun hópurinn Russians against the war standa fyrir mótmælum gegn innrásinni í Úkraínu við rússneska sendiráðið. MYND/ADSEND



Við verðum að styðja við mótmæli gegn stríðinu sem eru að eiga sér stað í Rússlandi og það andóf sem er gegn stríðinu þar.



Guttormur Þorsteinsson, formaður Samtaka hernaðarandstæðinga

við að það er of seint og að skaðinn er skeður,“ segir Andrei. Hann telur að það muni taka marga áratugi fyrir löndin að jafna sig á þessu stríði.

Andrei segir að Rússland sé fjölmennit land og þó að margir Rússar styðji Pútín og innrásina, þá sé einnig stór hluti Rússa sem vilji ekkert með stríðið hafa.

„Þarna er venjulegt fólk sem vill lifa venjulegu lífi,“ segir Andrei.

Guttormur Þorsteinsson, formaður Samtaka hernaðarandstæðinga, verður einnig á mótmælunum.

Guttormur segir það mikilvægt að styðja við mótmæli Rússa sem gagnrýna Pútín og innrásina í Úkraínu.

„Við sögn Guttorms er augljóst að það kraumi óánægja með stríðið í Rússlandi, en þúsundir hafa flúið landið, meðal annars til að forðast herskyldu.“

„Við verðum að styðja við mótmæli gegn stríðinu sem eru að eiga sér stað í Rússlandi og það andóf sem er gegn stríðinu þar,“ segir Guttormur. ■

VILKO 50 ára
Kakósúpa 175g e

Súpuþuft sem blandast út í 1 lítra af vatni

- einfaldara getur það ekki verið!

50 ára 1969 - 2019
VILKO



Pottaplöntu ÚTSALA

30-50%
afsláttur
af öllum pottaplöntum



Gærdagurinn var súr fyrir Hildi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ekki tilnefnd til BAFTA og líkur á Óskarnum minni

kristinnhaukur@frettabladid.is

MENNING Tónskáldið Hildur Guðnadóttir hlaut ekki tilnefningu til bresku BAFTA-kvikmyndaverðlaunanna. Búist var við að Hildur fengi tilnefningu fyrir að minnsta kosti aðra kvikmyndina sem hún komst á svokallaðan langlista með, það er Women Talking og Tár.



Búist hafði verið við að Hildur yrði tilnefnd.

Hildur vann BAFTA-verðlaunin árið 2020 fyrir tónlistina í Joker. Áður fékk hún Óskarsverðlaun fyrir þá mynd. Möguleikar hennar á að vinna Óskarinn hafa minnkað mikið, bæði vegna þess að hún hlaut hvorki BAFTA-tilnefningu né verðlaun á Golden Globes. ■

Aðstoða Kenía við sjávarútveg

kristinnhaukur@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Félagið Kaldara hefur samið við ríkisstjórn Kenía um að nútímavæða og byggja upp sjávarútveginn. Kaupa á skip og útbúnað til þess að stunda veiðar langt úti á hafi. Einnig verða byggðar upp fiskvinnslur og geymslur í fimm sýslum við Indlandshafið.

Mun Kenía nýta innan við 8 prósent af fiskveiðigetun landsins. Á fundi í höfuðborginni Nairóbí sagði Guðmundur Þór Þormóðsson, stjórnarformaður Kaldara og stofnandi Sæplasts, að smábátasjómenn glötuðu 30 prósentum aflans. Góð kæling og geymsla gæti stöðvað þetta. ■

Bannað að fjalla um skýrslutökur í kókaínmáli

helenaros@frettabladid.is

DÓMSMÁL Aðalmeðferð í stærsta kókaínmáli Íslandssögunnar hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun. Fulltrúar helstu fjölmiðla landsins voru samankomnir í dómssal til að fylgjast með málinu en í gær gáfu sakkborningarnir fjórir í málinu skýrslur. Þeir eru ákærðir fyrir innflutning á tæpum hundrað kílóum af kókaíni auk peningabættis upp á samtals 63 milljónir króna.

Mennirnir voru handteknir 5. ágúst í fyrra en þeir neituðu allir ýmist sök eða neituðu að taka afstöðu til málsins við þingfestingu þess í nóvember síðastliðnum.

Fjórmenningarnir, Páll Jónsson, Birgir Halldórsson, Jóhannes Páll Durr og Daði Björnsson, mættu í héraðsdóm í fylgd lögreglumanna ásamt verjendum sínum. Allir huldu þeir andlit sitt á meðan fjölmiðlar mynduðu innkomu þeirra í dómssalinn. Tveir með stílabókum, þriðji með grímu og sólgleraugum



Í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

og sá fjórði með buffi og sólgleraugum.

Við upphaf málsins tjáði dómari fulltrúum fjölmiðlanna að ekki væri leyfilegt að fjalla um skýrslutökur í fjölmiðlum fyrr en öllum skýrslutökum málsins yrði lokið. Á mánudaginn mun aðalmeðferð málsins halda áfram en þá munu meðal annars lögreglumenn gefa skýrslu. Þá kemur í ljós hvenær áætlað er að aðalmeðferð í málinu ljúki og hvenær verður hægt að greina frá því. ■

Ísland getur séð milljónum fyrir mat

Samkvæmt nýrri alþjóðlegri rannsókn hefur Ísland getu til að búa til lífmassa fyrir tugmilljónir manna. Áskorunin er að gera neytendur spennta fyrir að borða blágrænar bakteríur.

kristinnhaukur@frettabladid.is

MATVÆLI Ísland hefur getuna til að sjá 40 milljón manns fyrir próteini samkvæmt nýrri rannsókn erlendra og íslenskra vísindamanna. Lífmassa má rækta á öruggan og vistvænan hátt en áskorunin er að fá neytendur til að velja fæðuna.

„Ég trúi því að við gætum orðið matarkista Evrópu ef við veljum það,“ segir Arnar Þór Skúlason, matvælafræðingur hjá Háskóla Íslands, og annar tveggja íslenskra vísindamanna sem komu að rannsókninni. Hinn er Margrét Geirsdóttir, verkefnastjóri hjá Matis, en sá sem leiddi rannsóknina er Asaf Tzachor hjá Reichman-háskólanum í Tel Aviv í Ísrael.

Lífmassi getur verið af ýmsum toga en þessi rannsókn fjallaði um framleiðslu spirúlínu, blágrænar bakteríu, sem Arnar segir mjög holla og vera stundum titlaða ofurfæða. Orkunotkun er takmarkandi þáttur í framleiðslunni og þess vegna var Ísland vettvangurinn. Tölurnar úr rannsókninni eru ekki úr lausu lofti gripnar heldur rauntölur frá bæði Orkustofnun og VAXA Technologies sem framleiðir spirúlínu í verksmiðju við hlið Helliðarvirkjunar.

Samkvæmt rannsókninni gæti Ísland aflað nógu mikils próteins fyrir 40 milljón manns og jafnað út 700 milljónir tonna af kolefnisútblæstri. Arnar segir þessi kerfi nota miklu minna vatn en hefðbundna ræktun og miklu minna landsvæði. Það sé þó kostur við Ísland að hér er



Lífmassi er vistvæn og holl fæða en áskorunin er að gera neytendur spennta.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Neytendur verða að vera spenntir og sækja í svona fæðu.



Arnar Þór Skúlason, matvælafræðingur hjá HÍ

nægt vatn og land, fyrir utan hina sjálfbæru orku. „Við eigum mikið land sem ekki er hægt að rækta. Við getum alveg eins verið þar með lokadar verksmiðjur,“ segir hann.

Fæðuöryggi er stórt mál í umræðunni þessi misserin, einkum í ljósi loftslagsbreytinga. Spurður um framtíðina og hvernig jarðarbúar ætli að fæða sig segir Arnar að lífmassi sé ekki eina lausnin, en vissulega hluti af henni. „Evrópa er ekki sjálfbær um prótein,“ segir Arnar og bendir á að þó að Evrópa geti framleitt kjöt þá sé fõðrið fyrir skepnurnar innflutt, aðallega í formi sojabæna.

„Boltinn er byrjaður að rúlla,“ segir Arnar. „Stærsta verkefnið er hugarfar neytenda. Neytendur verða að vera spenntir og sækja í svona fæðu. Ef það gerist eru meiri líkur á fjárfestingum í framleiðslunni.“

Orkufyrirtæki eru líka líklegri til að vilja fara í samstarf við fyrirtæki sem eru í hröðum vexti. Hér á Íslandi er hægt að framleiða hágæða lífmassa innanhúss með mikilli stjórnun. Erlendis er framleiðslan oft utandyra en þá er alltaf hætt á að aðrir þörungar komist í ræktunina sem geta myndað eiturfni. ■



FKA

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 26. janúar gefur Fréttablaðið út sérblað um:

KONUR Í ATVINNULÍFINU

Eitt stærsta blað og vinsælasta sérblað ársins kemur nú út 7 árið í röð. Frábært blað til að kynna konur í öllum stöðum í ykkar fyrirtæki.

Því fyrr því betra með að ná inn í blaðið og fá fina staðsetningu.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jóhann Waage Markaðsfulltúi Fréttablaðsins
Sími 550-5656/ waage@torg.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

HANDVERKS
HÚSIÐ



**NIÐURGREITT AF
STÉTTARFÉLÖGUM**

LANGAR ÞIG Á GÆÐA NÁMSKEIÐ Í HANDVERKI?

Stutt og löng námskeið bæði fyrir byrjendur og meistara



Silfursmíði - Húsgagnasmíði - Víravirki - Trérennsli - Brýnsla - Tréútskurður - Gler tiffany's - Tífsögun - Silfurleir - Tálgun

SKRÁNING Í GANGI Á HANDVERKHUSID.IS

Handverkshúsið | Rauðagerði 25 | 108 Reykjavík | S. 555 1212 | namskeid@handverkshusid.is | www.handverkshusid.is

Hlutfall sjálfbærrar orku á Íslandi er það langhæsta í Evrópu

kristinnhaukur@frettabladid.is

ORKUMÁL Nærri 86 prósent af orku Íslands komu frá endurnýjanlegum orkugjöfum árið 2021. Hækkaði hlutfallið um 2 prósent frá árinu áður og er langhæsta hlutfallið í Evrópu. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá Eurostat, tölfræðistofnun Evrópusambandsins.

Ísland hefur leitt listann frá því að

Evrópusambandið tók fyrst saman tölur árið 2004, en aldrei með jafn miklum mun og nú. Í öðru sæti er Noregur með 74 prósent endurnýjanlegrar orku, 11 prósentum minni en Ísland. Til samanburðar munandi aðeins hálfu prósentu á löndunum tveimur árið 2004 þegar Evrópusambandið tók fyrst saman tölur um endurnýjanlega orku.

Það ár var hlutfall Íslands aðeins



Rafbílavæðingin ýtir hlutfalli Íslands upp. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

tæplega 59 prósent og hefur það því hækkað um tæplega 27 prósent á 17 árum. Hlutfall Evrópusambandsins hefur á sama tíma hækkað úr tæplega 10 prósentum í 22.

Þrátt fyrir að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa hafi hækkað mikið á undanföllum árum eru þeir aðeins í meirihluta í þremur löndum. Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Stórbjóðir á borð við Þýskaland, Frakkland, Ítalíu og

Spán eru allar undir Evrópumeðaltalinu. Á botninum eru Lúxemborg, Írland, Holland og Malta með 12 prósent.

Þegar skoðaðir eru einstakir þættir sést að nærri 100 prósent íslenskrar raforkuframleiðslu eru endurnýjanleg, 97 prósent orku til húshitunar og 12 prósent í samgöngum. En í samgöngum standa Svíar, Finnar og Norðmenn okkur framar. ■

Síðasti minkur Noregs yfirgefur landið

helgisteinar@frettabladid.is

NOREGUR Síðasti eldisminkur Noregs er á leið úr landi og verður hann fluttur til Danmerkur þar sem hann mun öðlast nýtt líf. Minkurinn hefur verið í eigu norska bóndans Jon Sørby sem stundað hefur loðdýrarækt í meira en 50 ár.

Árið 2019 ákvað norska þingið að leggja niður loðdýraíðnaðinn, en hann hefur verið mikilvægur fyrir mörg héruð í Noregi þar sem lítið er um annars konar starfsemi.

„Þetta er undarlegur og sorglegur dagur fyrir mig. Minkar hafa skipt mig miklu máli en frá og með deginum í dag verða engin loðdýr eftir í Noregi,“ segir Jon.

Á tímum kórónaveirufaraldursins bönnuðu Danir loðdýrarækt og var milljónum minka lögð. Ríkisstjórn Danmerkur aflétti hins vegar



Loðdýrarækt var lögð niður í Noregi árið 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

nýlega banninu og byrjuðu bændur á Norður-Jótlandi þar með að kaupa þá minka sem Norðmenn voru að losa sig við.

Jon segir að þeir sem keyptu minkana í Danmörku séu afar ánægðir með kaupin og að hann hafi einnig fulla trú á því að farið verði vel með dýrin hans í nýjum heimkynnum þeirra. ■



Það er undir Hæstarétti komið hvort ÍL-sjóður ber ábyrgð á lögbrotum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Veiga Grétarsdóttir kajakraðari verður þrjá til fjóra mánuði á leiðinni með ströndum Noregs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á kajak eftir allri sjávarsíðu Noregs

ser@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Veiga Grétarsdóttir, kajakraðari og umhverfissinni, undirbýr að gera gott betur en að róa á kajak sínum umhverfis Ísland, en hún undirbýr nú að kljúfa öldurnar eftir endilangri sjávarsíðu Noregs, úr norðri til suðurs.

Ferðina ætlar hún að nota til að vekja athygli á umgengi mannsins við sjávarsíðuna, en mikil plastmengun blasir víða við á ströndum Noregs, rétt eins og Íslands.

Veiga lýsti þessum áformum sínum í viðtalsþættinum Manna-máli á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í gærkvöld, en hún stefnir að því að halda utan í apríl á þessu ári og hefja röðurinn í maí á nyrstu ströndum Noregs.

Að sögn ræðarans mun leiðangurinn taka sinn tíma, líklega þrjá til fjóra mánuði, allt eftir vindum og veðrum meðfram vogskorinni og skerjóttri strönd Noregs. Á endanum ætlar hún að sveigja bátinum fyrir suðurströndina og róa að lokum inn Oslóarfjörðinn.



Það má vel vera að þetta verði hættulegt.

Veiga Grétarsdóttir, kajakraðari og umhverfissinni

Alls er leiðin um þrjú þúsund kílómetrar, en til samanburðar var hringferðin um Ísland, sem Veiga réri sumarið 2019, um 2.100 kílómetrar.

Aðspurð hvort svona sigling á litlum kajak geti ekki verið hættuleg, svarar Veiga af hógværd: „Það má vel vera að þetta verði hættulegt.“ ■

Prófsteinninn á rétt neytenda

Í næstu viku verður flutt í Hæstarétti mál um lögmæti uppgreiðslugjalds á lánum ÍL-sjóðs. Hæstiréttur hefur þegar staðfest að ÍL-sjóður hafi brotið gegn neytendalánalögum og nú er tekist á um hvort lögbrotið leiði til þess að sjóðnum verði gert að endurgreiða gjaldið. Lögmaður segir málið prófstein á réttindi neytenda.

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Miðvikudaginn 25. janúar næstkomandi mun Hæstiréttur Íslands fjalla um lögmæti uppgreiðslugjalds ÍL-sjóðs (áður Íbúðalánasjóður) í máli sambúðarfólks gegn sjóðnum. Með dómi fjölskipaðs Héraðsdóms Reykjavíkur frá 17. desember 2020 var fallist á kröfur lántakendanna um endurgreiðslu á um 2,8 milljóna króna uppgreiðslugjaldi, sem þeim var gert að greiða í tengslum við uppgreiðslu láns sem var upphaflega að fjárhæð 20 milljónir króna.

Niðurstaða réttarins byggði á því að sjóðurinn hefði brotið gegn þágildandi neytendalánalögum með því að tilgreina ekki í skuldaþréfi hvernig uppgreiðslugjaldið skyldi reiknað út og hvenær slíkur uppgreiðslukostnaður félli til.

ÍL-sjóður sótti í framhaldinu um leyfi til þess að áfrýja héraðsdómnum beint til Hæstaréttar, án málsmeðferðar í Landsréttar. Slíkt leyfi skal ekki veitt nema brýn þörf sé á skjótri úrlausn réttarins um efnid og niðurstaðan geti verið fordæmisgefandi eða haft verulega samfélagslega þýðingu.

Hæstiréttur taldi þessi skilyrði uppfyllt í málinu og samþykkti, í fyrsta skipti, slíka beina áfrýjun. Í framhaldinu var málið flutt fyrir fjölskipuðum sjóð manna Hæstarétti sem komst að þeirri niðurstöðu í maí 2021 að annmarki hefði verið á dómi héraðsdóms. Var dómur hans



Jónas Fr. Jónsson, lögmaður



Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna



ÍL-sjóður braut neytendalánalög og nú er tekist á um hvort lögbrotið hafi afleiðingar fyrir sjóðinn og hver réttur neytenda er á Íslandi.

því ómerktur og málinu vísað aftur til málsmeðferðar í héraði. Þrátt fyrir það tilmála Hæstiréttur sérstaklega að niðurstaða héraðsdóms um brot gegn neytendalánalögum í aðdraganda lánveitingar væri rétt.

Málið var í framhaldinu aftur flutt fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, en í það skipti taldi héraðsdómari að óumdeild brot á neytendalánalögum skyldu ekki hafa þær afleiðingar að sambúðarfólki ætti rétt á endurgreiðslu uppgreiðslugjaldsins og var sjóðurinn því sýknaður af kröfum þess. Sú niðurstaða var staðfest af Landsrétti í apríl á síðasta ári.

Í framhaldinu sótti sambúðarfólkið um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar og samþykkti rétturinn þá beiðni með þeim rökum að dómur í málinu geti haft fordæmisgildi um atriði sem áfrýjunarleyfisbeiðnin er reist á. Málið verður sem fyrr segir 25. janúar fyrir Hæstarétti og mun þá væntanlega skýrast hvort brot Íbúðalánasjóðs á neytendalánalögum með því að tiltaka ekki útreikning uppgreiðslugjalds í láns-samningi, hafi þær afleiðingar að lántakar eigi rétt á endurgreiðslu uppgreiðslugjaldsins.

Í málinu reynir á lánaskilmála

sem eru nokkuð frábrugðnir þeim skilmálum sem reyndi á í öðru dómsmáli þar sem ÍL-sjóður var sýknaður í Hæstarétti á árinu 2021. Ætla má að þeir lánaskilmálar sem nú eru fyrir dómi hafi verið mun minna notaðir og því verði áhrif á ríkissjóð takmörkuð verði niðurstaða Landsréttar sambúðarfólkinu í vil.

Jónas Fr. Jónsson, lögmaður sambúðarfólksins, sagði í samtali við mbl.is í júní 2022, eftir að Hæstiréttur samþykkti að taka málið fyrir, að hann teldi þetta mál vera prófstein á réttindi neytenda.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir fullkomlega óeðlilegt að lánafyrirtæki hafi sjálfðæmi um útreikning og fjárhæð uppgreiðslugjalds og séu ekki gerð ábyrg fyrir brotum á neytendalánalögum. Hann segir uppgreiðsluskilmála ÍL-sjóðs ósanngjarna og dómafóðæmi séu í evrópskum rétti fyrir því að ósanngjarnir skilmálar neytendalána séu ógiltir en lánin lánin standa að öðru leyti. „Þetta er meðal annars til að fæla fjármálaafyrirtæki frá því að beita aflsmun gagnvart neytendum,“ segir Breki. ■

NÝR RENAULT MEGANE E-TECH

100% rafmagn



Eigum bíla til afgreiðslu strax!

Renault Megane E-Tech er spennandi 100% rafbíll með allt að 470 kílómetra drægni*. Hrein hönnun, hrein tækni og hrein tilfinning í rúmgóðum og snjallvæddum bíl sem er tilbúinn að flytja þig inn í framtíðina. Hafðu samband og við tökum einn frá fyrir þig.

5 ÁRA ÁBYRGÐ**

**Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.renault.is

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Ég hef ekki fengið nein skilaboð um það að pakka saman.



Jón Gunnarsson veit ekki hvort eða hvenær hann yfirgefur ráðuneytið. (Ég hef ekki fengið nein skilaboð í þá veru," svarar hann um hæl, „hvorki frá flokksformanninum né þingflokkinum," bætir hann við. „Þar af leiðandi er ég ekkert að pakka hér saman.“

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Óheppilegt að skipta um hest í miðri á



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Fáir ef nokkrir ráðherrar í núverandi ríkisstjórn hafa verið jafn umtalaðir og Jón Gunnarsson, enda sópar að honum í viðkvæmum málaflökkum í dómsmálaráðuneytinu. Stóra spurningin er þó hvort og hvenær hann er á förum úr ríkisstjórn.

STJÓRN MÁL Dómsmálaráðuneytið er ekki lengur að finna á Stjórnarráðsreitnum við Arnarhól, heldur hafa starfsmenn þess komið sér fyrir á rúmgóðri hæð í Borgartúni – og þar tekur Jón Gunnarsson á móti blaðamanni í köflóttum jakkafötum, þess alls líklegur að bjóða honum upp á neftóbak, en sér það líklega á svipnum á aðkomumanni að hann er lítið gefinn fyrir pontuna.

Ráðherrann sest makindalega ofan í hægingastól á skrifstofunni – og það liggur beinast við að spyrja hvort hann sé nokkuð á förum.

„Það liggur fyrir að formaður flokksins hefur boðað breytingar á ríkisstjórninni. Hvenær það verður nákvæmlega og hvernig get ég ekki sagt um. Ég hef ekki fengið nein skilaboð um það að pakka saman, hvorki frá flokksformanninum né þingflokkinum,“ segir hann skýrum rómi.

Hann telur það ekki farsælt að skipta um ráðherra í sínum málaflökki á þessum tímamarki, enda sé hann í miðjum klíðum í veigamiklum verkefnum. „Það er óheppilegt að skipta um hest í miðri á,“ segir hann ákveðið.

En þessi orð formannsins um innkomu Guðrúnar Hafsteinsdóttur í ríkisstjórnina merkja þá ekkert endilega að þú þurfir að fara?

„Ég einbeiti mér bara að því að vinna vinnuna mína og skila góðum verkum,“ svarar hann um hæl. „Og

það verður bara að skýrast nánar hvernig þessum breytingum á ríkisstjórninni verður háttað og ég veit ekki nákvæmlega hvernig það verður.“

Ég var þó nokkuð stressaður Viltu fara?

„Maður er auðvitað í pólitík til að hafa áhrif. Og þar fyrir utan hef ég haft óskaplega gaman af þessu stóra og óvænta verkefni. Ég ætla ekkert að leynd því að það kom mér mjög á óvart á sínum tíma að ég skyldi hafa verið valinn í þetta ráðuneyti dómsmála. Og það skal segjast alveg eins og er að ég var þó nokkuð stressaður yfir þeim stóru og viðkvæmu verkefnum sem biðu mín. Það er nú bara svo að sá sem velst til forystu í þessu ráðuneyti er á ákveðnu jarðsprengjussvæði. Það sést kannski best á því hvað mannbreytingarnar hafa verið örur í ráðuneytinu á undanförunum árum. Ætli ég sé ekki áttundi ráðherrann hér á einum áratug. Það segir sig sjálfst að þetta er óþægilegt fyrir starfsfólk og hin mikilvægu málefni ráðuneytisins.“

Hann segir að þar komi til enn ein ástæða þess að óheppilegt sé að skipta um mann í brúnni. „Það vantar stöðugleika í þetta ráðuneyti. Ég er ekki fyrr búinn að koma mér vel inn í öll flökustu mál þess áður en ég mögulega á að hverfa á braut,“ segir ráðherrann sem mörgum hefur sýnt hafa verið í kapphlaupi við tímann við að koma breytingum í framkvæmd.

„Ég og aðstoðarmenn mínir gerðum okkur strax grein fyrir því að við hefðum mögulega takmarkaðan tíma til breytinga. Við þyrftum að hafa hraðar hendur, enda vildum við koma miklu í verk. Það var kominn tími á nauðsynlegar breytingar. Og fjölga störfum úti á landi. „Við höfum verið að nálgast öll okkar verk út frá þessum meginmarkmiðum,“ segir Jón.

Ég lýsi yfir stríði

Hann segist strax í upphafi hafa einsett sér að yfirfara alla veigamestu málaflökka ráðuneytisins og sett sér fjögur meginmarkmið; að auka þjónustu, bæta skilvirkni, nýta fjármuni betur og fjölga störfum úti á landi. „Við höfum verið að nálgast öll okkar verk út frá þessum meginmarkmiðum,“ segir Jón.



Það er nú bara svo að sá sem velst til forystu í þessu ráðuneyti er á ákveðnu jarðsprengjussvæði.

Hann nefnir fækkun sýslumannsembætta og sameiningu héraðsdómstóla. „Með einu sýslumannsembætti mætum við nútímaþróun um þjónustu og skilvirkni á stafrænum tímum þar sem hægt er að vinna verkefni víða um land. Mörg verkefnanna hafa verið ofvíða fámennum embættum. Það sama á við um héraðsdómstólana. Þar hefur líka verið að finna nánast einmannsstofnanir. Með einum dómstóli er bæði hægt að efla og styrkja þjónustu og fjölga störfum heima í héraði. Og til að tryggja öflugna þjónustu á landsbyggðinni verða starfsstöðvar stofnananna sérstaklega lögfestar.“

Svo ræðir hann löggæsluna. „Þau mál hafa verið mér sérlega hugleikin,“ segir Jón. „Mönnun löggæslunnar hefur verið áskorun. Það hefur hlutfallslega fækkað í löggæsluliðinu miðað við íbúabróun. En ég hef mætt skilningi hjá fjárveitingavaldinu til að efla löggæslu, ásamt rannsókn og saksókn. Það er áriðandi og mun styrkja öll átta embættin í landinu.“

Og honum er nokkuð niðri fyrir. „Ég hef lýst yfir stríði gegn skipulagðri glæpastarfsemi,“ og nú blikar á tóbakspontuna í kjöltu ráðherra. „Við erum að fjórfalda getuna til að greina og rannsaka þau mál, meðal annars með stórauknu samstarfi á milli landa.“

Og lögreglan verði að geta varið sig betur. „Hún býr við hættulegra umhverfi en áður. Við gleymum oft vinnuáðstæðum lögreglumanna. Við þurfum að hlúa að öryggi þeirra á tímum þegar vopnaburður þeirra sem hún þarf að fást við hefur stóraukist. Og við þurfum að svara ákalli lögreglumanna sjálfrá um aukinn varnarskipting. Reynslan af rafvarnarvopnum hefur verið góð í öðrum löndum. Vegna þeirra hefur alvarlegum slysum, bæði á lögreglumönnum og þeim sem þeir fást við, fækkað um tugi prósent.“

Stjórnvöld verði að standa vaktina, enda sé þróunin ískyggileg. „Hér eru mafíuhópar farnir að skjóta rótum. Við búum við gengjamyndun og gengjastrið,“ bætir hann við. „Og þessa sér stað í fangelsum landsins. Fangaverðir tala um nýja kynslóð glæpamanna, unga og miklu harðsviðari menn

en áður. Af þeim sökum þarf að efla meðferðarræði í fangelsunum.“

Hann boðar tillögur í vor til að efla fangavörslu og fjölga rýmum, ekki síst opnum rýmum, en bæta á aðstöðuna á Litla-Hrauni fyrir rífa tvo milljarða króna.

Stjórnlaus hringavitleysa

Ráðherrann segir það ekki á bætandi hvernig málum sé háttað á meðal umsækjenda um alþjóðlega vernd. „Að mínu mati er verndarkerfið hér á landi stjórnlaust. Og hringavitleysan í málaflökknum er augljós. Nýlega átti að senda 35 umsækjendur um vernd úr landi. Málið komst í hámaeli. Allir höfðu þeir fengið fulla málsmeferð og notið löglærðs talsmanns en var að lokum sýnjad um vernd. Þegar til kastanna kom náðist bara að senda 19 þeirra úr landi, en 16 gátu falið sig. Þessir 19 eru núna allir komnir til baka, búnir að endurnýja umsókn sína og komnir á framfæri íslenskra skattgreiðenda,“ segir Jón og horfir beint í augu blaðamanns. „Þetta er stjórnleysi. Þetta er hringavitleysa. Við erum komin í ógöngur sem þjóð á þessu sviði. Ísland hefur í mörg ár tekið á móti fleiri umsóknum um vernd heldur en hin Norðurlöndin.“

Hann segir þetta bitna á þeim sem síst skyldi, einmitt þeim útlendingum sem uppfylla skilyrði um alþjóðlega vernd og búsetu hér á landi. „Flóttamannasamningur Sameinuðu þjóðanna er einhver fegursti sáttmáli sem saminn hefur verið. Við viljum geta rákt skyldur okkar með sóma á þeim vettvangi. En þá mega innviðirnir ekki bila af völdum þeirra sem eiga ekki rétt á vernd,“ segir hann og talar um heimatilbúinn vanda. „Rót hans er sú að löggjöf okkar er linari en landanna í kringum okkur. Og sú fiskisaga flýgur víða sem ýtir undir að hingað koma hópar umsækjenda til að reyna fyrir sér í íslenska kerfinu, burtséð frá því hvort þeir eigi í raun rétt á alþjóðlegri vernd, hafi fengið hana viðurkennda í öðru Evrópulandi eða fengið sýnjun áður á Íslandi. Þessu þurfum við að breyta í samræmi við okkar næstu nágrannarþjóðir,“ segir Jón Gunnarsson og fær sér í nefið, vongóður um að lagafrumvarp hans, sem taki á þessum málum, verði afgreitt í febrúar. ■



Skil á upplýsingum

Eftirtöldum upplýsingum fyrir tekjuárið 2022 vegna framtalsgerðar 2023 þarf að skila á rafrænu formi á þjónustusíðunni skattur.is

◆ Launa- og verktakaupplýsingar

Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi (þ.m.t. kaup- og söluréttarsamningar), lífeyri, bætur, styrki, greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni og vinnu) eða aðrar greiðslur (þ.m.t. umsýslu- eða umboðsgreiðslur, s.s. í ferðaþjónustu o.fl.).

Einnig allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa látið launamönnum eða öðrum vélknúin ökutæki í té til afnota.

◆ Hlutafjárupplýsingar

Skilaskyld eru öll hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög og sparisjóðir.

◆ Stofnsjóðsupplýsingar

Skilaskyld eru öll samlagsfélög, sameignarfélög og samvinnufélög, þ.m.t. kaupfélög.

◆ Viðskipti með hlutabréf/afleiður og önnur verðbréf

Skilaskyldir eru bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf/afleiður og öll önnur verðbréf.

◆ Innstæður

Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir og aðrir aðilar sem taka við fjármunum til ávöxtunar, eða hafa milligöngu um ávöxtun, vörslu eða aðra ráðstöfun fjármuna.

◆ Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi

Skilaskyld eru öll hlutafélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun. Sama á við um söluréttarsamninga.

◆ Takmörkuð skattskylda - greiðslufirlit

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

◆ Lánaupplýsingar

Bankalán, fasteignaveðlán, bílalán og önnur lán. Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunarleigur o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga og lögaðila.

◆ Greiðslur fyrir leigu eða afnot

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum eða öðrum réttindum. Einnig þeir sem hafa í atvinnuskyni milligöngu um útleigu.

◆ Fjármagnstekjur

Þeir aðilar sem innheimt hafa vexti skulu skila upplýsingum um slíkar fjármagnstekjur og tilgreina sundurliðun á móttakendur og þá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts sem haldið hefur verið eftir. Hér er einkum um að ræða [innheimtuaðila](#), t.d. lögmannsstofur.

◆ Staðfesting á tilteknum hlutabréfakaupum (listi yfir þátttakendur)

Skilaskyld eru öll hlutafélög og einkahlutafélög sem fengið hafa staðfestingu ríkisskattstjóra á að þau uppfylli skilyrði fyrir því að kaup einstaklinga á hlutum í hlutafjárukningu félagsins geti veitt rétt til skattfrádráttar sbr. B-lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003.

◆ Mótteknar gjafir og framlög til félaga sem skráð eru á almannaheillaskrá Skattsins

Skilaskyldir eru allir þeir lögaðilar sem samþykktir hafa verið til skráningar á almannaheillaskrá Skattsins og skal skila upplýsingum um fjárhæðir móttekinna gjafa/framlaga, sundurliðað eftir gefendum ásamt kennitölum.

Skilafrestur er til 20. janúar

Sjá nánar auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 1449/2022 í B-deild Stjórnartíðinda.

Hálfvitar með lyklaborð



Nina Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Á mánudag birtist færsla á Twitter-aðgangi Monicu Lewinski. Þar sagðist hún „fagna tuttugu og fimm ára ártíð óhugnanlegasta og mesta áfalls sem hún hefði orðið fyrir á ævinni“, þegar starfsmenn FBI tóku hana höndum og færðu til yfirheyrslu í herbergi 1012 á Ritz-Carlton hótelinu. Þar frétti Lewinski af Starr-rannsókninni sem myndi leiða til ákæru fyrir landsdómi á hendur Bill Clinton þáverandi Bandaríkjaforseta. Upp hafði komist um leynilegt kynferðislegt samband Lewinski, sem þá gegndi lærlingsstöðu í Hvíta húsinu, og forsetans. Lewinski var hótad 27 ára fangelsisvist yrði hún sakfelld í öllum ákæruliðum sem innihéldu meinsæri og hindrun á framgangi réttvísinnar. Á endanum var Monicu boðin friðhelgi gegn því að bera vitni.


Undirrituð var tólf ára gömul á þeim tíma og fylgdist með fullorðna fólkinu reyta af sér brandara um bletti á kjólum. Lewinski var framreidd í fjölmiðlum sem heimskt bimbó með blásið hár og forsetinn í gráu jakkafötunum virtist ekkert sérlega miður sín, þrátt fyrir afsökunarbeiðni.

Ýmislegt hefur breyst á þessum tuttugu og fimm árum, en annað ekki. Monica hefur unnið úr áfallinu og leiðir í dag verkefni þar sem barist er gegn einelti gegn konum á opinberum vettvangi. „Ég var tuttugu og fjögurra ára,“ skrifar hún í færslunni á mánudag. Það þarf ekki að hafa fleiri orð um aðstöðumuninn og fátíðleikann í viðbrögðum fjölmiðla og almennings árið 1998.

Hvernig hefði þetta farið á öld samfélagsmiðla? Þá má líka spyrja hvað hafi breyst. Aðgengi að opinberum vettvangi hefur aukist með tækninni. Hægt er að finna meðhljændur með flestum skoðunum og reikniritar samfélagsmiðla eru þróaðir til að styrkja skoðanir sem við höfum nú þegar myndað okkur. Eitt sorglegt lögmál í mannréttindabaráttu er að þegar árangur næst eflist viðspyrnan og það höfum við fundið að kvöldi MeToo-byltingarinnar. Saman vinna þessar breytur að aukinni kvenfyrirlitningu og minna umburðarlyndi. Í vikunni má finna afgerandi dæmi á alþjóðlegum vettvangi og tvö skýr dæmi hér heima um konur sem hafa sætt árasum af einu eða öðru tagi á opinberum vettvangi, að ósekju. Báðar eru ungar og hafa náð langt á sínu sviði. Kommentakerfin taka við og hópurinn sem ekki er sammála niðinu gjaldfellir þá orðræðu sem „hóp hálfvita með lyklaborð“. Það er líka auðvelt að gjaldfella áhrifamátt haturs sem beinist ekki að manni sjálfum. ■

”
Eitt lögmál í mannréttindabaráttu er að þegar árangur næst eflist viðspyrnan og það höfum við fundið að kvöldi MeToo-byltingarinnar.

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

benediktboas@frettabladid.is

Andleg millibör

Tvennt hefur áhrif á landsmenn og geðheilbrigði þeirra. Veður og handboltalandslíðið. Trúlega varð mælanleg fýla yfir allri þjóðinni eftir Ungverjaleikinn þar sem Ísland kastaði frá sér unnum leik. Líklega er hægt að mæla bjartsýnina sem nú ríkir yfir landanum í aðdraganda leiksins í kvöld gegn Evrópu-meisturum Svía. Það er hægt að eiga í óheilbrigðu sambandi við allan andskotann en þegar öllu er á botninn hvolft eru landsmenn í virkilega óheilbrigðu sambandi við veðrið og íslenska landsliðið í handbolta. Það getur ekki verið eðlilegt að það sé einhvers konar mælanlegur munur á hvort Ísland skori mark eða hvort lægðin komi eða ekki.

Skandalarnir tveir

Þegar vont veður átti að koma um áramótin, en kom ekki vegna þess að vindur beygði af leið, trylltust skopfuglarnir á Twitter og hentu grín að veðurfræðingum. Eins og það sé veðurfræðingum að kenna hvernig lægð og vindur haga sér. Að veðrið hafi ekki komið þótti hneyksli. Algjört hneyksli. Og að Björgvin Páll eða Viktor Gísli verji ekki skot sem kemur á þá á milljón kílómetra hraða er annað eins hneyksli. Skandall nánast. Það hefur verið stórkostlegt að fylgjast með veðrinu gera grín að landanum og Strákunum okkar hefja bjartsýnina upp úr öllu valdi. Áfram Ísland. ■

Skilið eftir á bekknum



Hanna Katrín Friðriksson
þingflokksfor-
maður Viðreisnar

Fyrir keppnisleiki þarf töluverðan undirbúning sem oft ræður úrslitum þegar upp er staðið. Þjálfarateymi er ráðið til starfa, leikmannahópur valinn, markmið sett og svo langar og strangar æfingar.

Það er ekki yfirstandandi heimsmeistaramót í handbolta sem vekur þessar hugrenningar hjá mér heldur orð Svandísar Svavarsdóttur matvælaráðherra þegar starfshópar samráðsnefndar um sjávarútvegsstefnu skiluðu 60 bráðabirgðaniðurstöðum. Ráðherrann sagði að nú væri kominn hálfleikur í endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins. Ég sit í samráðsnefndinni og fékk í vikunni kynningu á tillögnum sem byggja á fyrirliggjandi gögnum, tillögum og hugmyndum. Starfshóparnir skila fullmótuðum tillögum í maí og svo ætlar ráðherra að leggja fram frumvarp til afgreiðslu á vörþingi 2024. Í ljósi reynslunnar – því þetta er sannarlega ekki fyrsta samráðsnefndin sem gerir atlögu að raunverulegum breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu – er réttast að segja að undirbúningstímabilinu sé nú lokið og sjálfur leikurinn að hefjast. Sumir eru á því að hann verði spennandi, aðrir að úrslitin séu þegar ráðin og ekki verði hróflað við því sem mestu skiptir fyrir þjóðina.

Þegar samráðsnefndin var kynnt sagði ráðherra að grundvöllur vinnunnar væri að hámarka möguleika Íslendinga til frekari árangurs og samfélagslegrar sáttar um umgjörð greinarinnar. Djúpstæð tilfinning væri meðal þjóðarinnar um að það væri rangt gefið varðandi skiptingu arðsemi af þjóðarauðlindinni. Nú þegar bráðabirgðatillögur liggja fyrir segir ráðherra hæst bera áherslu á umhverfismál. Það er kannski óþarfi að lesa of mikið í þennan mun, en sporin hræða.

Fyrir utan efnislega flokkun skiptast bráðabirgðatillögurnar í tillögur sem starfshóparnir telja að unnt sé að útfæra og svo tillögur sem þarfnast mikillar umræðu áður. Það má ætla að óumdeildu tillögurnar, ekki síst um umhverfismál, móti leikinn sem nú er að hefjast fyrir alvöru. Á bekknum án þátttöku í leiknum sitji svo kröfur þjóðar um breytingar á skiptingu arðs, um gegnsæi í eignarhaldi og rekstri, um tímabindingu nýtingarréttar í auðlindaákvæði og önnur atriði sem hafa verið gagnrýnd hvað mest í núverandi kerfi.

En blaðamannafundurinn í lok leiks verður pottþétt fluttur. ■

Sjálfvirkur opunarbúnaður og snertilausir rofar frá **GEZE** Þýsk gæðavara.

JARN & GLER
Skútuvoגי 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

Merkir þjóðernissinnar

Í DAG

Karl Th.
Birgisson



Það er svolítið erfitt að skrifa þessi tvö orð í röð. Merkir og þjóðernissinnar.

Reynum samt.

Fyrst þó þetta: Ég veit ekki frekar en þið í hvaða samhengi mynd af Sigmundi Davíð birtist með tveimur öðrum evrópskum þjóðernissinum á glæru í framhaldsskóla. Hef þó grun um að kennarinn hafi viljað ná athygli nemenda. Hugsanlega líka að benda á að til eru ýmsar tegundir af svoleiðis fólki.

Ég ætla að minnsta kosti ekki að bæta rödd í vandlættingarkórinn.

Því að hvernig skyldi nú formaður Miðflokksins hafa ratað í þennan ókræsilega félagsskap?

Er það tilviljun?

Barasta alls ekki.

Nýi formaðurinn

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var kjörinn formaður Framsóknarflokksins í ársbyrjun 2009.

Þá kom hann fyrir og talaði eins og hófsamur, frjálslyndur, alþjóðasinnður miðjumaður.

Svolítið í anda Halldórs Ásgrímssonar.

Hann vildi að Ísland sækti um aðild að Evrópusambandinu og setti það sem skilyrði um stuðning við minnihlutastjórn Jóhönnu og Steingríms, að ný stjórnarskrá yrði skrifuð.

Um þetta voru allir hlutaðeigandi sammála.

Svo gekk flokknum hans frekar illa í kosningum, Jóhanna og Steingrímur mynduðu meirihlutastjórn (sem varð smám saman minnihlutastjórn af því að lífið hættir aldrei að vera skemmtilegt), og upp frá því ummyndaðist Sigmundur Davíð á fáeinum misserum.

Hann varð fljótlega að nokkuð útspekúleruðum útlandingaand-údarstjórnarmálmanni (langt orð, sorri með það), og um þær mundir fór að teiknast upp allt annar Sigmundur Davíð.

Vinsamlega hættu

Snemma á þingferlinum vildi Sigmundur Davíð fá úttekt á því hversu margir útlandingar sætu í íslenskum fangelsum og hvers vegna. Undirtónninn var augljós.

Svo augljós, að Framsóknarfélagið í Kópavogi, sem hefur frá öndverðu verið félagshyggju- og samvinnusinnað, sendi frá sér sérstaka ályktun.

Þau báðu formann flokksins vinsamlega að láta af þessum málflutningi. Þótt hann passaði sig vandlega á því að segja það hvergi upphátt, þá væri rangt af honum

”

Ráðherrann laug mjög léttilega og næstum eins og eðlislægt í sjónvarpsviðtali um þessi útlandaviðskipti sín. Hann galt fyrir með embætti sínu, en bara eftir að hafa krafizt þingrofs. Forsetinn benti honum kurteislega á að fara heim og leggja sig.

að gefa í skyn að útlandingar væru samkvæmt skilgreiningu frekar glæpamenn en Íslendingar.

Vinsamlega hættu þessu þvadari, herra formaður, sagði framsóknarfólk í Kópavogi.

En hann hætti auðvitað ekki. Hann hafði fundið þef af nýjum atkvæðamiðum.

Það hafði virkað – einmitt – í útlandum.

Svo kom allt hitt

Jajá, InDefence, IceSave, útlenskru kröfuhafarnir, Sigmundur varð forsætisráðherra og þroskaði með sér meiri paranoju en meiraðsegja Davíð Oddsson. Það var hraustlega gert.

Vondu útlandingarnir voru alls staðar. Það er lengri saga en svo að rakin verði hér.

En málflutningurinn smitaðist víða um flokkinn.

Þar kom að í borgarstjórnarkosningum 2014 hélt oddviti flokksins, Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, því fram í sjónvarpi að ef leyfð yrði bygging mosku í Reykjavík (hún var reyndar þegar til og er enn), þá yrði stutt í sjaríalög múslima á Íslandi.

Skömmu síðar ákvað flokkurinn að skipa sjálfan Gústaf Níelsson, sem þólr hvorki kynvillinga né múslimista, sem fulltrúa sinn í mannréttindaráð Reykjavíkurborgar. (Ég er ekki að ljúga þessu.) Flokknum fannst mikilvægt „að láta allar raddir heyrast“.

Frábært.

Af þessu tilefni skrifaði Sigtryggur Magnason:

„Forystukona flokksins í Reykjavík hefur opnað dyr stjórnmalanna fyrir heimsku og hatrí. Ég vona hennar vegna og ég vona Framsóknarflokksins vegna að hún nái ekki þeim árangri að komast inn í borgarstjórn með sinn eittraða farangur.“

Sigtryggur er aðstoðarmaður núverandi formanns Framsóknar-

flokksins og sennilega helzti höfundurinn að nýlegum sigrum flokksins í borginni og á landsvísi.

Viljum við meira?

Illu heilli varð alþjóðlegt samsæri 2016 um að birta hin svokölluðu Panama-skjöl.

Þar kom fram skjalfest að forsætisráðherra Íslands, Sigmundur Davíð, hafði falið fjölskylduauð sinn í skattaskjöldi.

(Borgarfulltrúinn var reyndar líka í skjölunum, en það flaug undir radar.)

Ráðherrann laug mjög léttilega og næstum eins og eðlislægt í sjónvarpsviðtali um þessi útlandaviðskipti sín. Hann galt fyrir með embætti sínu, en bara eftir að hafa krafizt þingrofs. Forsetinn benti honum kurteislega á að fara heim og leggja sig.

Síðar missti Sigmundur formennskuna og stofnaði eigin flokk.

Fyrir hvað er hann þekktastur? Ég nefni ekki Klaustur, en frekar fantasiur þingmanna flokksins um orkumál, þar sem þeir töluðu nóttum saman við sjálfa sig um eigin ímyndanir.

Síðast sáum við til formanns Miðflokksins í þægilegum móa að éta hrátt nautakjöt úr plastbakka.

Þetta var ekki einu sinni lambakjöt.

Það er ekkert erfitt að skrifa þjóðernissinnar.

En eiginlega ómögulegt að setja „merkir“ við hliðina. ■



25%

Brookliyn borðstofuborð
220x98, stækkun 2x50 cm, reykt eik – hvítuð eik
Áður 199.000 **NÚ 149.000**

10-60%
afsláttur



25%

Starn 3ja sæta
Áður 159.000 **NÚ 119.000**



20%

Obling 3ja sæta
Áður 129.000 **NÚ 103.000**



40%

Adele
Áður 39.900
NÚ 23.900



25%

Sierra
nokkrir litir
Áður 25.700
NÚ 19.200



35%

Kato svart
Áður 29.900
NÚ 19.400



20%

Alison
snúningss
Áður 33.900
NÚ 27.000



25%

Ciro 3 litir
Áður 39.900
NÚ 29.900



30%

Hill hvíldarstóll með tauáklæði
Áður 176.000 **NÚ 123.000**



50%

Nottingham sófaborð
Áður 116.000 **NÚ 58.000**

NYFORM

H Ú S G A G N A V E R S L U N



Þurfa að leika eftir afrek frá árinu 1964

Til þess að Íslendingar hafi örlögin áfram í sínum höndum, er kemur að sæti í 8-liða úrslitum á HM, þarf liðið að sækja stig eða tvö úr viðureign sinni við Svía í kvöld, eitthvað sem hefur ekki gerst frá árinu 1964.

aron@frettabladid.is

HANDBOLTI Það verður mikið um dýrdir í keppnishöllinni í Gautaborg og munu þúsundir Íslendinga gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að hjálpa strákunum okkar við að sækja sigur í leiknum.

Arnar Daði Arnarsson, handbolta-sérfræðingur og umsjónarmaður Handkastsins, segir margt þurfa að spila saman til þess að Íslend-

Staðan í milliriðlinum

*Efstu tvö lið riðilsins komast áfram í 8-liða úrslit

Staða	Lið	Stig
1.	Svíþjóð	6 stig
2.	Ísland	4 stig
3.	Portúgal	3 stig
4.	Brasilía	3 stig
5.	Ungverjaland	2 stig
6.	Grænhöfðaeyjar	0 stig

ingar geti náð góðum úrslitum gegn ríkjandi Evrópumeisturum Svía sem eru afar vel mannaðir og hafa ekki stigið feilspor á HM til þessa.

„Það er nokkuð ljóst að við þurfum að eiga algjöran toppleik á alla vegu,“ segir Arnar Daði við Fréttablaðið um komandi viðureign

Íslands og Svíþjóðar. „Frammistöðu í líkingu við leikinn gegn Frökkum á EM í fyrra. Markvarslan þarf að vera í heimsklassa og til þess þarf vörnin að þéttast til muna.“

Um algjöran lykilleik er að ræða fyrir íslenska landsliðið sem þarf helst stig úr viðureigninni gegn Svíum sem hafa ekki tapað stigum hingað til á mótinu og eygja von á að klára sitt.

„Svíarnir eru í þeirri stöðu að þeir geta tryggt sér efsta sætið í milliriðlinum með sigri og þar með geta þeir hvílt sína leikmenn í lokaleikum gegn Portúgal. Staða sem við Íslendingar viljum alls ekki að komi upp.“

Hvað íslenska liðið varðar kallar Arnar eftir því að Aron Pálmarsson, fyrirlíði íslenska landsliðsins, stigi upp.

„Aron Pálmarsson þarf að fara að mæta til leiks. Umræðan fyrir mót var sú að við værum í vandræðum með breiddina í vinstri skyttunni og nú er Ólafur Guðmundsson dottinn út. Aron er ekki undanskilinn öðrum leikmönnum í íslenska landsliðinu, hann þarf að eiga toppleik á morgun. Hann fékk góða hvíld gegn Suður-Kóreu og Grænhöfðaeyjum.“

Staða hornamanna sé góð og ný stjarna að fæðast.

„Óðinn hefur stimplað sig inn sem heimsklassa hægri hornamaður. Ég tel hins vegar að Sigvaldi sé, eins og staðan er, fyrsti kostur Guðmundar en hann getur ekkert slakað á, með sjódheitan Óðin á bekknum.“ ■



Síðustu viðureignir gegn Svíum á stórmótum

Í sögu heimsmeistarameistarans í handbolta hafa Svíþjóð og Ísland mæst sex sinnum frá árinu 1961. Frá þeim leikjum hafa Svíar fimm sinnum staðið uppi sem sigurvegarar, Íslendingar einu sinni.

Leikur kvöldsins fer fram í Gautaborg en sú var einnig raunin árið 1993 þegar liðin mættust á HM. Í þeim leik þurfti íslenska landsliðið að sætta sig við fimm marka tap.

- 1961: Átta marka tap, 18–10
- 1964: Tveggja marka sigur, 12–10
- 1986: Fjögurra marka tap, 27–23
- 1993: Fimm marka tap, 21–16
- 2001: Þriggja marka tap, 24–21
- 2015: Átta marka tap, 24–16

Leikmenn sem verður að hafa gætur á í kvöld:



Eric Johansson
22 ára
Félaglið: Kiel
Staða: Vinstri skytta

Er að mati Arnars einn efnilegasti leikmaður í heimi. Hefur farið á kostum á þessu tímabili með Kiel og hans góða gengi hefur haldið áfram inn í HM.



Hampus Wanne
29 ára
Félaglið: Barcelona
Staða: Vinstri hornamaður

Svíar eru með heimsklassa hornamenn að sögn Arnars, meðal annars Hampus Wanne sem er á meðal markahæstu manna HM með 25 mörk.



Jim Gottfridsson
30 ára
Félaglið: Flensburg
Staða: Leikstjórnandi

Jim Gottfridsson hefur verið að glíma við meiðsli á tímabilinu en hann virðist vera heill heilsu og að sögn Arnars þurfa leikmenn Íslands að láta hann finna fyrir því.



Felix Claar
34 ára
Félaglið: Álaborg
Staða: Miðjumaður

Liðsfélagi Arons Pálmarssonar hjá Álaborg í Danmörku, leikur lykilhutverk í sóknarleik Svía. Hann er kominn með 8 stoðsendingar á HM til þessa og 11 mörk.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 20. janúar 2023



Kokteilar úr viskii eru vinsælir hjá körlum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kokteilar sem karlar elska

elin@frettabladid.is

Það er sannarlega hægt að gleðja bónda sinn með góðum kokteil. Hvernig væri að bjóða upp á einn slíkan fyrir kvöldmatinn, hvort sem það verður þorramatur á bódstólum eða dýrindis nautasteik?

Samkvæmt sérfræðingum eru vinsælustu kokteilar fyrir karla brúnir eða glærir, alls ekki sætir og þurfa ekki endilega að hafa háa áfengisprósentu. Snoop Dogg mælir til dæmis með kokteil úr gini og greipaldin- og appelsínusafa.

Godfather-kokteill

Annar kokteill sem er afar vinsæll hjá herrum er Godfather. Hann var fundinn upp árið 1970 og nefndur eftir hinni vinsælu Óskarsverðlaunamynd, The Godfather. Það þarf aðeins tvö hráefni í þennan drykk, viski og Amaretto-likjör. Oftast er notað Blended Scotch viski en sumir kjósa frekar að nota single malt eða jafnvel bourbon. Amaretto er ítalskur líkjör sem er gerður úr mörndlum. Hann er sætur en hentar vel í marga kokteila. Mörndlubragðið mýkir upp viskið sem þó fær að skína í gegn. Yfirleitt eru hlutföllin jöfn af hvoru um sig. Hins vegar er leyfilegt að breyta hlutföllunum eftir smekk. Guðfaðirinn er borinn fram í hefðbundnu viskiglas.

Old Fashion-kokteill þykir afar karlmannlegur, bourbon-viski með smá sykurvatni, angostura bitter og appelsínusneið. ■



Árið 2023 verður viðburðaríkt hjá Sigu Beinteins. Fram undan eru skemmtileg þorrablót og Stjórnin heldur upp á 35 ára afmælið í lok september.

MYND/ÓLÖF ERLA EINARSDÓTTIR

Fólk er bara svo glatt

Sigga Beinteins hefur komið fram á mörgum þorrablótum undanfarin ár og finnst þau alltaf jafn skemmtileg. Hún segir þorrablótsgesti eiga það sameiginlegt að vera mættir til að skemmta sér og öðrum auk þess sem samsöngurinn skipi stóran sess. **2**

Alla daga gegn kulda og sól

Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is



Stjórnin heldur upp á 35 ára afmælið í lok september. Sveitin kom meðal annars fram á Tónaflóði við Arnarhól á Menningarnótt árið 2019 við afar góðar undirtektir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is

Þorinn hefst í dag, bóndadag, föstudaginn 20. janúar, en fyrstu stóru þorablótin voru haldin um síðustu helgi. Fram undan er fjöldi þorablóta um allt land en þau hafa að mestu leyti legið niðri undanfarnin tvö ár vegna heimsfaraldursins.

Í dag eru þorablótin meðal stærri viðburða ársins enda mikið lagt upp úr vönduðum skemmti-kröftum og vinsælu tónlistarfólki í bland við þoramatinn og aðra rétti á hlaðborðinu.

Söngkonan Sigga Beinteins hefur komið fram á ófáum þorablótum undanfarnin ár og segir alltaf jafn gaman að skemmta á þeim. „Mér finnst þorablótin vera mjög skemmtileg og það er frábært að halda í þessa gömlu hefð. Það sem að einkennir þau kannski helst umfram aðrar stærri skemmtanir er að gestirnir syngja mikið með. Því er miklu meiri samsöngur en gerist almennt til dæmis á árs- hátíðum og öðrum skemmtunum.“

Og hún finnur fyrir öðruvísi andrúmslofti kringum þorablótin. „Fólk er bara svo glatt og það er helsti munurinn sem ég finn á þorablótum og öðrum skemmtunum. Gestir mæta yfirleitt í rosalegu stuði og eru mættir til að skemmta sér og öðrum.“

Borðar lítinn þoramat sjálf

Þorablótin voru með öðru sniði þegar Sigga ólst upp. „Ef ég man rétt var ekki gert svona mikið úr þorranum þegar ég var litil. Ég man til dæmis ekki eftir því að mamma og pabbi hafi farið á þorablót og þau voru örugglega ekki svona stór í þá daga eins og þau eru núna. Á bóndadaginn gaf mamma pabba oft blóm og ég man að við borðuðum þá slátur, flatkökur og harðfisk.“

Þótt henni finnst þorinn skemmtilegur tími borðar Sigga ekki mikinn þoramat sjálf. „Ég veit ekki hvort það kallist að borða þoramat þegar maður borðar bara slátrið, harðfiskinn og hangikjötið. Mér finnst súri maturinn ekki vera góður og ég borða ekki hákarlinn, lundabaggana né hrúts-pungana. Samt er ég nú skárrí en margt af unga fólkinu sem borðar ekkert af þessu.“

Sjálf sækir hún að minnsta kosti eitt þorablót þegar hún mætir á Hrafnistu þar sem faðir hennar býr. „Þá ætla ég að sitja til borðs með honum og bróður mínum og hafa gaman. Þetta er alltaf ákveðin stemning finnst mér og fastur punktur í tilveru okkar. Ég mun að minnsta kosti fá mér lifrarpylsu, blóðmör og rófustöppu.“

77 Fólk er bara svo glatt og það er helsti munurinn sem ég finn á þorablótum og öðrum skemmtunum. Gestir mæta yfirleitt í rosalegu stuði og eru mættir til að skemmta sér og öðrum.

Sigga Beinteins

Stórafmæli hjá Stjórninni

Þorablótstímabilið lítur vel út hjá Siggu sem kemur fram á nokkrum blótum hér og þar á næstunni. Utan þess hefur nýtt ár byrjað vel þar sem hún er bókuð víða og því nóg að gera hjá henni. „Mér sýnist á öllu að árið 2023 verði frábært ár í spilamennskunni. Síðan á Stjórnin stórafmæli en bandið verður 35 ára í ár. Við erum að spila á fullu og ætlum okkur að halda stórtónleika í lok september í Háskólalabíó af því tilefni. Undirbúningur fyrir þá er á byrjunarstigi og við erum ekki enn búin að ákveða hvernig þeir verða en eitt er víst, þeir verða skemmtilegir. Það get ég svo sannarlega sagt um þá á þessu stigi.“

Það eru ekki margar hljómsveitir sem ná svo háum aldri hér á landi. Hvernig skýrir Sigga vinsældir Stjórnarinnar? „Ég held að Stjórnin hafi lifað svona lengi meðal annars út af lögunum sem eru flest létt og skemmtileg. Textarnir eru líka frekar léttir og auðveldir og því er fólk almennt fljótt að læra þá.“

Ólíkar kynslóðir mæta

Hún segir meðlimi Stjórnarinnar líka hafa alla tíð lagt upp með að skemmta fólki og það segir líka sitt þegar kemur að háum lífaldri. „Það er líka frábært að sjá aldursbilið sem við erum að fá á tónleika hjá okkur. Ætli yngsti hópurinn sé ekki frá svona 17–18 ára og upp úr. Meðal þeirra sem sækja tónleika okkar er fólk sem var unglingar þegar það kom fyrst á sveita-böllin í kringum 1988–1990. Þetta sama fólk á núna börn og jafnvel barnabörn sem nú eru að koma á tónleikana okkar og elska þessi lög enda alist upp við þau frá því að þau fæddust.“

Eftirminnileg í skaupinu

Landsmenn sáu nýja hlið á Siggu



„Það var mikill heiður fyrir mig að vera beðin um að taka þátt í skaupinu og hrikalega gaman að fá að vera með,“ segir Sigga sem kom fram í einum skets. MYND/ÓLÖF ERLA EINARSDÓTTIR



Þótt Sigga borði ekki súrmat þá finnst henni frábært að halda í þessa gömlu hefð. Sjálf fær hún sér helst lifrarpylsu, blóðmör og rófustöppu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

á gamlárskvöld þar sem henni brá fyrir í óborganlegu sketsi í áramótaskaupinu. „Það var mikill heiður fyrir mig að vera beðin um að taka þátt í skaupinu og hrikalega gaman að fá að vera með. Ég hef aldrei verið beðin áður svo mér fannst þetta mjög spennandi.“

Upptökurnar fóru fram í nóvem-


ber á síðasta ári og henni fannst erfitt að þurfa að þegja yfir því að hún kæmi fram í skaupinu. „Ég var allan daginn á tókustaðnum þó svo að senan mín væri mjög stutt. Þannig að biðtíminn var frekar langur en þannig er það bara þegar verið er að taka upp fyrir sjónvarp.“ ■

Allt fyrir þorrablótið!

Girnilegur
og góður
þorrabakki
fyrir fjóra



Safnaðu
inneign og
fáðu betra
verð á
matvöru með
Samkaupa-
appinu



Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

nettó

Snúðarnir gleðja á bóndadaginn

Eldhúsgyðjan og matarbloggarinn María Gomez hefur ástríðu fyrir því að útbúa ljúffengar kræsingar við hvert tilefni fyrir sína og bóndadagurinn er þar ekki undantekning. María ætlar að færa bónda sínum glóðvolga og nýbakað snúða í tilefni dagsins og dekra við hann frá morgni til kvölds.

sjofn@frettabladid.is

María var spurð hvort hún gleðji bónda sinn á þessum degi.

„Já, oftast, en það hefur þó komið fyrir að ég hef hreinlega gleymt bóndadeginum mér til háborinnar skammar. Það sem hefur gert minn mann glaðastan á bóndadaginn er þegar ég hef bakað handa honum ameríska kanilsnúða eða cinnabon sem eru í allra uppáhaldi. Uppskriftin að þessum snúðum er ein sú fyrsta sem kom inn á bloggið mitt og hefur verið afar vinsæl, þá sérstaklega í Covid þegar hálf tölubúnaðið bakaði þessa snúða,“ segir María og brosir.

Ertu búin að ákveða hvað þú ætlar að gera í tilefni dagsins fyrir bóndann?

„Já, þetta árið ætla ég að bjóða honum út að borða auk þess að baka snúðana svo krakkarnir geti

Það sem hefur gert minn mann glaðastan á bóndadaginn er þegar ég hef bakað handa honum ameríska kanilsnúða eða cinnabon sem eru í allra uppáhaldi.

líka glaðst á bóndadaginn en þau elska líka þessa snúða. Ég hugsa að ég bjóði honum á veitingastaðinn á Grand Hótel sem er dulin perla, en þar fæst allra besta nautalund með bearnaise sem við höfum fengið,“ segir María og er orðin spennt að njóta með sínum á bóndadaginn.

Cinnabon – amerískir kanilsnúðar með kremi

285 g mjólk (1 bolli)
125 g sykurl (½ bolli)
1 bréf eða 11 g af þurrgeri eða 30 g pressuger en þá verða þeir enn mýkri og léttari (fæst í kæli)
2 egg
80 g olía (⅓ bolli)
730 g af hveiti (4½ bolli)
1 tsk. salt



María og eiginmaðurinn, Ragnar Már Reynisson, á góðri stundu. Hann á von á góðu dekri í dag.

MYND/ADSEND



eyjabiti

ómissandi á þorranum



Snúðarnir sem eru í miklu uppáhaldi hjá Ragnari.

Fylling

220 g púðursykur (1 bolli)
2½ msk. kanill
80 g smjör (⅓ bolli)

Kremið ofan á

125 g rjómaostur (1 dl)
60 g mjúkt smjör (¼ bolli)
260 g flórsykur (1½ bolli)
½ tsk. vanilludropar eða vanilluextrakt

Byrjið á að setja volga mjólk, sykur og ger saman í hrærivélarskál og hrærið létt saman með sleikju. Látið standa í um 5 mínútur og takið tímann. Setjið næst olíu og egg út í og hrærið saman með

sleikju þar til vel blandað saman. Bætið nú salti og hveiti út í og látið hnoðast með króknum á vélinni. Deigið er til þegar það er búið að hringa sig utan um krókinn. Breiðið næst stykki yfir deigið og látið hefast í 30–40 mínútur á volgum stað (má líka hefast lengur, alveg í nokkra tíma þess vegna). Ég læt það alltaf hefast yfir volgum miðstöðvarofni. Ef notað er pressuger er betra að leyfa því að hefast í um 1 klukkustund. Athugið að deigið hefast ekkert svakalega mikið og er frekar þungt í sér, svo ekki hafa áhyggjur af því. Ef pressuger er notað hefast það mun meira.

Á meðan deigið er að hefast útbý ég kremið og fyllinguna inn í snúðana.

Uppskriftin að þessum snúðum er ein sú fyrsta sem kom inn á bloggið mitt og hefur verið afar vinsæl, þá sérstaklega í Covid þegar hálf tölubúnaðið bakaði þessa snúða.

Fylling

Bræðið smjórið og blandið því svo saman við kanilinn og púðursykurinn. Blandið vel saman.

Kremið ofan á

Ég hita smjórið ögn í örbylgjunni til að mýkja það, ekki bræða það alveg heldur bara að það verði vel mjúkt. Svo hræri ég saman smjörinu, rjómaostinum og vanilludropunum. Síðast set ég svo sykurinn út í og hræri vel saman þar til silki mjúkt og kekkjalaust, líka ágætt að gera með handþeytaranum.

Næsta skref

Þegar deigið er búið að hefast er það flatt út í ferning. Ekki hafa hann of þunnan né stóran, best að hafa hann í þykkari kantinum, því þá verða snúðarnir meira djúsi. Setjið svo fyllinguna vel yfir allt deigið. Rúllið síðan deiginu upp í pulsu, og skerið í frekar þykka bita, um það bil 5 sentimetra. Raðið snúðunum í eldfast mót og hafið þínu bil á milli svo þeir nái allir að bakast í gegn, þeir munu líka stækka og verða alveg klesstir saman. Leyfið þeim að hefast undir stykki í svona 10 mínútur aftur ef vill, þarf samt ekki ef þið viljið sleppa því. Bakið svo á 180–190°C blæstri í 15 mínútur. Snúðarnir eiga að vera gullnbrúnir þegar þeir koma úr ofninum, frekar ljósir. Passið að baka ekki of mikið.

Setjið svo síðast rjómaostakremið á snúðana sjóðandi heita og berið fram heitt en það er langbest þannig. ■



Pétur og kjötstjórinn Halldór Jónsson, til vinstri, að raða kræsingunum í kjötborðið í Melabúðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Öllu tjaldað til í Melabúðinni

Þorinn er genginn í garð og í dag fagna landsmenn bóndadeginum í allri sinni dýrð. Það gera þeir meðal annars með því að úða í sig þorramat og í Melabúðinni í vesturbæ Reykjavíkur er öllu tjaldað til á þessum degi.

„Það er alltaf rifandi stemning í Melabúðinni. Við vorum byrjaðir í þorramatnum fyrir áramótin og þegar það er svona kalt í veðri finnst fólki mjög gott að fá þorramatinn. Undirbúningurinn hefur í sjálfu sér ekki verið langur. Við byrjuðum fljótlega í desember í jólatraffikinni að huga að þessu með magn og tegundir og passa upp á að gleyma engu. Svo rúllar þetta bara af vana,“ segir Pétur Alan Guðmundsson, annar eigenda Melabúðarinnar.

Melabúðin er rötgróin fjölskylduverzlun. Guðmundur Júlíusson og Katrín Stella Briem tóku við rekstri Melabúðarinnar árið 1979 og í dag reka synir þeirra, þeir Pétur og Snorri, verslunina. Pétur segir verslunina vera fjölskyldufyrirtæki sem hafi frábært starfsfólk og yndislega viðskiptavinum, sem vita að þeir ganga að gæðunum vísun.

„Hjá okkur í Melabúðinni er aðalmálið að við nostrum aðeins við þorramatinn og svo getur fólk valið sér sjálft hvað það vill fá úr kjötborðinu. Viðskiptavinirnir eru ánægðir með að geta valið sjálfir eftir tegundum.“

Ekkert skritið á boðstólum

Spurður hvað sé til af þorramat í kjötborðinu segir Pétur: „Við erum með allan pakkann. Við erum með heit og köld svið, soðna lifrarpylsu og blóðmör, kalda og súra, súra hrútsþunga, lundabagga, bringur, hákarl, hvalrengi, nýja og súra sviðasultu, magál, nýja og súra grísa-sultu, hangikjöt, rófustöppu, kartöflumús, síld, rúgbrauð, flatbrauð og bara allt þetta venjulega í þorramatnum. Það er ekkert skritið á boðstólum eins og sels-

hreifur eða annað slíkt. Það er liðin tíð,“ segir Pétur.

Hann segir að það henti fólki vel að geta valið sér þorramatinn úr kjötborðinu í stað þess að vera með tilbúna þorrabakka.

„Það eru til dæmis ekki allir sem vilja frá bringukolla og fólk getur bara tekið það sem það vill fá. Fólk er mjög hrifin af þessu,“ segir kaupmaðurinn á horninu en eitt af gildum Melabúðarinnar er að leggja áherslu á persónulega þjónustu og vera með breitt vöruúrval.

„Við tökum mest af okkar þorramat frá Sláturfélagi Suðurlands en svo nostrum við aðeins við hann til að gera hann að okkar hætti. Við leggjum ekki í súr en notum okkar „trix“ til þess að gera matinn virkilega ljúffengan. Við erum með Fjallalambsvið og slátur sem er þekkt fyrir gæði. Sviðin eru verkuð á gamla máttann og slátrið er alvöru gott slátur,“ segir Pétur.

Pétur segir að bóndadagurinn sé afar stór söludagur í Melabúðinni og það ríki ávallt stuð og stemning í búðinni á þeim degi.

Gaman að gefa krökkunum að smakka

„Bóndadagurinn hefur alltaf verið mjög stór hjá okkur. Fólk kemur og kaupir í litil sem stór þorrablot og jafnvel pantar matinn í þorrablot. Við lánum fólki trogin en það eru margir sem koma og kaupa fyrir sín litlu heimaborrablot og þá tekur það allt sem þarf og rúgbrauð, harðfisk, síld og fleira með. Þá getur fólk keypt tilbúna rófustöppu eða kartöflumús en sumir velja að gera það sjálfir. Svo er gaman að segja frá því yngri krakkar úr skólunum og leikskólunum hafa verið að koma til okkar þar sem þau fá að skoða matinn og smakka hann. Þar eru nú sjaldnast komnir fordómarnir. Þau er mjög spennit fyrir þessu og það er gaman að gefa þeim að smakka,“ segir Pétur.

Er eitthvað eitt vinsælla í þorramatnum en annað?



Pétur segir að það henti fólki vel að geta valið sér þorramatinn úr kjötborðinu í stað þess að vera með tilbúna þorrabakka.



Lifrarpylsa, blóðmör og lundabaggar eru herramannsmatur og úrvalið af þorramat í Melabúðinni er glæsilegt.

Hjá okkur í Melabúðinni er aðalmálið að við nostrum aðeins við þorramatinn og svo getur fólk valið sér sjálft hvað það vill fá úr kjötborðinu.

Pétur Alan Guðmundsson

„Hrútsþungar og hvalur er mjög vinsælt og svo kemur þetta dæmigerða sem er ekki súrt, eins og hangikjöt og sviðasulta. Margir segjast borða þorramat en þá er það jafnvel bara hangikjöt og sviðasulta sem okkur mörgum finnst ekki vera alveg þorramatur en er gott út af fyrir sig,“ segir Pétur.

Hann segir að yngsta fólkið sé ekki mikið fyrir það að borða þorramat og það sé alveg edlilegt. „Ég var sjálfur svona. Ég borðaði ekki þorramat áður. Mér fannst lyktin af honum ekki góð en svo var ég að fylla á þorraborðið, ákvað að prófa og sé eftir að hafa ekki byrjað fyrr og finnst hann í dag vera virkilega góður. Mér finnst frábært að fá þorramat á þessum tíma árs fyrir utan það að fitan er holl og góð. Fólk tengir svona veður eins og hefur verið undan-

farnar vikur við þorramat og við fáum mikla orku við að innbyrða hann.“

Stóru þorrablotin sem hafa verið í dvala undanfarin ár vegna Covid eru nú komin á fullt og til að mynda héldu KR-ingar fjölmenn þorrablot um síðustu helgi. Spurður hvort þetta breyti einhverju fyrir hann og Melabúðina segir Pétur:

„Já og nei. Þessi stóru þorrablot hafa ekki verið á dagskránni undanfarin ár en litlu þorrablotin héldu áfram. Margir fara kannski bara einu sinni til tvisvar og fá sér þorramat en aðrir espast upp og þá koma þeir til okkar og fá sér jafnvel til að hafa í fötu, kaupa mysu með og geyma í ísskápnum eða kaupa bara fyrir kvöldmatinn. Svo eru litlir hópar að hittast. Það voru til dæmis tíu karlar, allir yfir sjötugt, sem pöntuðu hjá okkur þorramat til að hafa á þorrabloti en það mátti ekkert vera súrt. Ég var hissa á því,“ segir Pétur og hlær.

„Með aldrinum held ég að við þróumst meira út í það að borða þorramat. Kannski minna á yngri árum en svo kemur þetta. Við þroskumst öll. Ég tala þar út frá minni reynslu. Ég laumaði mér í að smakka þennan mat og mér finnst til dæmis lundabaggar og bringukollar æðislegir. Þeir eru mitt uppahald.“

Þorri allra landsmanna með okkur

Pétur segist reikna með ys og þys í Melabúðinni í dag á sjálfan bóndadaginn en hann er þrautreyndur í bransanum og hefur staðið vaktina í Melabúðinni í yfir 40 ár.

„Það er alltaf gríðarleg stemning í búðinni á þessum degi. Það er snillingur hjá okkur sem heitir því þjóðlega nafni Þorri en hann var valinn einu sinni Þorri allra landsmanna og ber nafn með rentu. Það myndast mikil stemning í búðinni á þessum degi svo það þarf ekki uppákomur út af fyrir sig. Við gefum fólki að smakka hákarl og súrmat og við sem erum að vinna í versluninni erum á tánum og sinnum kúnum okkar sem allra best.“ ■

Melabúðin er að Hagamei 39. Sími: 551-0224. Sjá nánar á melabudin.is. og á Facebook-síðu Melabúðarinnar.



Fær harðfisk að morgni

Sigbrúður Ármann, framkvæmdastjóri Exedra og varþingmaður, er mikill gleðigjafi og þekkt fyrir að kunna að hafa gaman og standa fyrir skemmtilegum viðburðum þar sem gleðin er við völd.

„Það má segja að bóndadagurinn sé hátíðisdagur hjá okkur hjónum. Yfirleitt er ég búin að útbúa gjöf sem ég afhendi honum strax um morguninn. Hann og vinir hans hafa í allmörg ár haldið daginn hátíðlegan og hefst dagskrá þeirra með morgunmat og stendur yfir allan daginn. Hafa þeir meðal annars þann háttinn á að hlýða á predikun og snæða hádegisverð heima hjá tengdaforeldrum einhvers úr hópnum. Hafa foreldrar mínir til að mynda tekið á móti þeim við mikinn fögnuð. Einnig er þorablót Stjörunnar einn af hápunktum ársins í Garðabæ. Þangað höfum við farið í mörg ár með frábærum vinum. Ég og vinkonur mínar hittumst yfirleitt um miðjan dag og tökum okkur til saman áður en haldið er í teiti í heimahúsi fyrir sjálf þorablótið. Bóndadagurinn er því mikill gleðidagur.“

Ég mun gleðja bóndann árla morguns með gjöf sem inniheldur að sjálfsögðu harðfisk enda fátt meira við hæfi á sjálfum þorranum. Með harðfisknum verð ég búin að velja vel bruggaðan bjór. Einnig finnst mér gaman að gefa honum flott bindi eða góðan rakspira. Í þetta skiptið verður bóndadagurinn svolítið öðruvísi þar sem að bóndinn og vinir hans ætla að fara til Svíþjóðar og styðja Ísland í milliriðlinum. Ég verð því að afhenda honum gjöfina mjög snemma þennan dag og treysti á að hann drekki bjórinn og gæði sér á harðfisknum á leiðinni út á völl, enda um finasta morgunmat að ræða á sjálfan bóndadaginn.“

Bóndadagur á HM

Hildur Gunnlaugsdóttir, arkitekt og lífskúnnstner, er sniðugri en flestir og fær hinar frumlegustu hugmyndir um alls konar. Hún er gift fyrrverandi landsliðsmanni í handbolta, Hreiðari Levi Guðmundssyni, og listast bóndadagurinn að sjálfsögðu af HM í handbolta eins og hjá fleirum.

„Ég er hræðileg en ég geri miklar kröfur til mannsins míns á konudaginn en hef ekki mikið gert fyrir hann á bóndadaginn og ætla að ráða bót á því í ár. Við verðum í Svíþjóð þennan dag en byrjum daginn á því að fara á góðan morgunmat með mímósu og síðan í heilsulindina á hótelinu þar sem við eyðum nokkrum tímum í hinum ýmsu gufum og pottum. Svo girum við okkur upp með andlitsmálingu og tilheyrandi galla og förum á Ísland/Svíþjóð leikinn. Ég er búin að lofa mannum mínum að gira mig upp í handboltabulluham með honum en ég er ekki þekkt fyrir mikinn áhuga á íþróttáhorfi. Að leik loknum ætlum við að borða ólystugan djúpstektan mat.“



Svona gleðja þær bónda sinn í tilefni dagsins

Í dag er bóndadagurinn og í tilefni af því spurðum við nokkar þjóðþekktar konur, sem kunnar eru fyrir að vera miklir gleðigjafar og hafa einstaklega gaman af því að koma sínu fólki á óvart, hvort þær haldi upp á bóndadaginn og færi bónda sínum gjöf í tilefni dagsins.

sjofn@frettabladid.is



Ef það á að dekra við karlinn er góð hugmynd að senda hann í nudd og spa.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Fær heiðarlegt lambakjöt

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir er þingmaður og veislustýra en hún er einnig þekkt fyrir að stýra þorablótum með miklu ágætum þar sem hlátra-sköllin hafa heyrst hátt.

„Ég er á því að það sé um að gera að nýta öll tilefni til að gera sér dagamun yfir vetrarmánuðina. Bóndadagurinn er finasta tilefni til þess. Ég er í vinnuferð í Skotlandi og kem ekki heim fyrr en seint að kvöldi bóndadags. Annar í bóndadegi verður því haldinn hátíðlegur á laugardag. Verst finnst mér að missa af því að horfa saman á leikinn.“

Ég hafði hugsað mér að elda góðan kvöldmat fyrir hann en við höfum reyndar gaman af því að elda saman og gefum okkur yfirleitt góðan tíma í það um helgar. En í tilefni dagsins mun ég standa vaktina sjálf og bjóða upp á lambakjöt. Heiðarlegt og íslenskt og vekur alltaf lukku. Annars hafði ég ætlað mér að draga hann með mér í sund og gufu um daginn. Við erum bæði unnendur sundlauganna hér heima og förum tölvert saman í sund.“

Gull af manni

Sigríður Hrund Pétursdóttir, fjárfestir og formaður FKA, hefur mikla ástriðu fyrir dögum sem þessum og leggur mikinn metnað í að dekra við sinn bónda og alla bændur í kringum sig.

„Ég held upp á bóndadaginn með pompi og prakt, bæði fyrir eiginmann minn til 25 ára, drengina mína þrjá heima við og strákana sem ég er svo heppin að vinna með í Vinnupöllum.“

Eðaldrengirnir í vinnunni og eiginmaðurinn munu fá boli sem á stendur Gull af manni, það verða sverar hnallþóru á borðum frá hádegi og í lok dags sendi ég þá saman í axarkast hjá Berserkjum. Síðan förum við öll saman út að borða eitthvað sem þeim finnst gott, til dæmis hamborgara með sveittri sósu.

Við hjónin ætluðum að skella okkur á gönguskiðanámskeið yfir komandi helgi en veikindi hamla þeirri ferð svo ég mun elska hann á yfirsnúningi heima við í staðinn. Okkur líður afar vel saman og sunnudagshádegi eru sérstakar hjónastundir þar sem við ræktum samveru með til dæmis mat, kaffi, LP-plötum og blaðalestri.

Eitt sem ég geri aldrei á bóndadeginum – ég kaup ekki súrmat eða þorramat nema óskað sé eftir því – ég fer frekar í hina áttina og dekra drengina sem ég er svo heppin að fá að ferðast með í lífinu eins vel og umfangsmikið og mér frekast er kostur.“



Öflugur & náttúrulegur flensubani



Inniheldur hreint engifer & c-vítamín

Kröftug blanda sem kemur þér í gegnum veturinn með bros á vör



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS



Pakki og blóm

Lína Birgitta Sigurðardóttir, áhrifavaldur og eigandi vörumerkisins Define The Line Sport, kann svo sannarlega að njóta lífsins með sínum og á bóndadeginum er það engin undantekning.

„Ég held upp á bóndadaginn með mínum bónda en mér finnst mikilvægt að halda í þessa hefð, mér finnst hún skemmtileg og hún gefur tækifæri til að gera eitthvað saman.“

Oftast er þetta mjög svipað en hingað til höfum við farið á hótél eða út að borða og yfir daginn fær hann blóm og pakka. Í ár er það samt sem áður ekki hótél, heldur út að borða á einn uppáhaldsstaðinn okkar sem er Punk og svo fær hann að sjálfsögðu pakka og blóm.“



Út að borða

Elísabet Metta Svan Ásgeirsdóttir er markaðsstjóri, stofnandi og annar eiganda Maikai, sem hefur notið mikillar hylli landsmanna. Hún hefur mikla ánægju af óvæntum uppkomum.

„Ég held alltaf upp á bóndadaginn, hvort sem það er lítið eða stórt. Stundum eru það litlar gjafir eða til dæmis út að borða. Ég held að við séum með plön í kvöld þetta árið. En gjöf fær hann þegar hann vaknar, litla gjöf en síðan tek ég hann mögulega í hádegismat.“



Guðjón Harðarson sem hefur veg og vanda af því að laga og útbúa þorramatinn ásamt Jóhannes.

MYNDIR/ÞSENDAR

Þorrinn eins og jólin hjá Múlakaffi

Þorrinn er mikill annatími hjá Múlakaffi. Í dag, á sjálfan bóndadaginn, er þorrahlaðborð á boðstólum í Hallarmúlanum og þar má fá smakk af öllu því besta sem þorrinn hefur upp á að bjóða. Einnig er hægt að panta þorratrog og hjónabakka til að njóta heima eða annars staðar.

„Þorrinn á sér áratugalanga sögu hjá Múlakaffi og það má segja að hann sé að ákveðnu leyti eins og jólin hjá okkur. Það er líf og fjör og starfsmannahópurinn okkar nýtur þess að taka þátt í þessari séríslensku hefð. Undirbúningur þorrans byrjar í september hjá okkur í Múlakaffi og stendur yfir fram að þorranum. Það kæmi fólki á óvart hvað þorramatur þarf í raun mikinn undirbúning og geymslu,“ segir Jóhannes Stefánsson, veitingamaður hjá Múlakaffi.

„Undanfarin ár hefur þorranum vaxið ásmegin og sífellt fleiri Íslendingar kjósa að fagna honum. Stór þorrablot eru haldin víðs vegar um bæinn og því er í mörg horn að líta. Þar munar mest um stóru blótin hjá íþróttafélögum og bæjarfélögum. Þar koma þúsundir manna saman og blóta þorran.“

Þorratrog og hjónabakkar

Að venju býður Múlakaffi upp á hin sívinsælu þorratrog á þorranum. Jóhannes segir að fólk panti þau ár eftir ár.

„Þorratrog er nokkurs konar einkennisréttur hjá Múlakaffi og er ávísun á algjöra toppþorraveislu með öllu tilheyrandi. Vissulega hefur þetta breyst aðeins með árunum og margir sem biðja um meira af nýmeti en súrmeti. Á þorratroginu er einmitt einnig heitt saltkjöt og uppstúf og sviðakjambur, þannig að hann hentar flestum,“ segir hann og bætir við



Þorrablot verða sífellt vinsælli.



Hægt er að panta þorratrog hjá Múlakaffi.

að það sé í raun allt litrófið af fólki sem pantar þorratrog frá Múlakaffi. Allt frá einstaklingum sem halda í gamlar hefðir og upp í fyrirtæki og stærri hópa.

Til að tryggja sér þorratrog er einfaldast að fara á vefsíðu Múlakaffis, www.mulakaffi.is, og panta trogið þar.

„Annars er alltaf hægt að senda okkur tölvupóst, hringja eða bara mæta til okkar í Hallarmúlan,“ segir Jóhannes.

„Við bjóðum líka upp á hjónabakka. Það eru þorrabakkar með nýmeti og súrmeti fyrir tvo. Hjónabakkarnir eru mjög vinsælir hjá okkur. Þeir fást í verslunum Krónunnar og svo er hægt að fá þá hjá okkur í Hallarmúlanum á bóndadaginn og eitthvað áfram á

Þorratrog er nokkurs konar einkennisréttur hjá Múlakaffi og er ávísun á algjöra toppþorraveislu með öllu tilheyrandi.

meðan birgðir endast. Það er líka hægt að panta hann sérstaklega á vefsíðunni okkar.“

Hlaðborðið meitlað í stein

Múlakaffi hefur verið með þorrahlaðborð á bóndadaginn í áratöl og árið í ár er engin undantekning. Hlaðborðið er opið í hádeginu í dag frá klukkan 11 til 14 og í kvöld frá 17 til 20 í Hallarmúla 1.

„Það er meitlað í stein og mun aldrei breytast hjá okkur,“ segir Jóhannes og hlær. „Það er vissara að panta borð fyrir stærri hópa, en einstaklingar og minni hópar geta alveg treyst á að mæta bara til okkar,“ bætir hann við.

„Stemningin á hlaðborðinu er einstök að okkar mati. Þarna er samankomið fólk sem kann virkilega vel að meta þorramatinn og stemningin er eftir því. Á hlaðborðinu er allt sem hinn fjölbreytti matseðill þorrans hefur upp á að bjóða.“

Aðspurður hver sé vinsælasti þorramaturinn svarar Jóhannes að hrútsþungarnir séu alltaf vinsælir og að sviðasultan hjá Múlakaffi þyki einstaklega góð.

„Svo finnst okkur alltaf jafn merkilegt hvað fer mikið magn af kæstum hákarli,“ bætir hann brosandir við.

„Okkar eini sanni Guðjón Harðarson hefur veg og vanda af því að laga og útbúa þorramatinn. Hann er svokallaður þorrameistari Múlakaffis. Guðjón hefur starfað hjá Múlakaffi í hartnær 40 ár og er því hokinn af reynslu.“ ■

Þjónusta

Málara

MÁLARAR

Tökum að okkur alla almenna málningavinnu, við erum fagfærðir með mikla reynslu og sanngjarnir í verðum.
s. 782 4540 loggildurmalarar@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMI 908 7000. EINKATÍMAR S. 694 6856

Spámiðlun, tarot, fyrirbærir, algjör trúnaður. Opið 15 til 22. Einkatímar í s. 694 6856

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði


GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500



Parftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

VERSLUNARTÆKNI geiri

www.verslun.is

www.geirief.is



Verðdæmi: - 160 cm borð

115.000 án vsk

Stálborð, vaskur hægri/vinstri



Stálinnréttingar í stóreldhús



VNR: AJPR20LW-BF2L

59.000 án vsk

Handspúlar



Aristarco WH 720

379.000 án vsk

Uppvottavél, húddvél



HANDS FREE HYGIENE & ECOLOGY

BSX300-KVS

34.000 án vsk

Handlaug með hnéstarti



VF50.35 DP V/400

260.000 án vsk

Undirborðs uppvottavél

Faxaflóahafnir sf Associated Icelandic Ports

Reykjavík Grundartangi Akranes Borganes

Samkeppni

Faxaflóahafnir efna til samstarfssamkeppni í alverktöku vegna hönnunar og byggingar á fjölnota farþegamiðstöð á Skarfabakka í Sundahöfn, Reykjavík

FAXA-2023-01

Fjölnota farþegamiðstöð Skarfabakka

Fyrirhugað er að reisa fjölnota farþegamiðstöð sem ætlað er að þjóna öllum gerðum farþegaskipa.

Aðstöðunni er jafnframt ætlað að þjóna sem landamærastöð með öryggisleit, farangursskönnun, tollaaðstöðu og annarri tengdri þjónustu við farþega.

Utan háannatíma er áætlað að nýta hluta húsnæðisins fyrir viðburði. Lok framkvæmda er 1. apríl 2025.

Útboðsgögn verða afhent í útboðskerfinu Ajour frá og með föstudeginum 20. janúar 2023, www.faxaflaohafnir.ajoursystem.is. Gögnum þátttakenda skal skila inn rafrænt á sömu síðu fyrir kl. 16.00 mánudaginn 20. febrúar 2023.

Einninn formlegur opnunarfundur verður haldinn, en niðurstöður verða sendar til þjóðenda þegar opnun og yfirferð tilboða er lokið. Nánari upplýsingar má nálgast hjá rom@verkis.is.

MERKISATBURÐIR

1885 L.A. Thompson fær einkaleyfi á fyrsta rússíbananum.

1946 Leikstjórinn David Lynch fæðist.

1956 Vilhjálmur Einarsson er kosinn íþróttamaður ársins. Þetta er í fyrsta sinn sem kosið er um titilinn og hlaut Vilhjálmur hann sex ár í röð.

1961 John F. Kennedy er settur í embætti sem 35. forseti Bandaríkjanna.

1991 Skiðaskálinn í Hveradölum brennur og er endur-reistur ári síðar.

1996 Yasser Arafat er kosinn forseti Palestínu.



2017 Donald Trump tekur við embætti sem 45. forseti Bandaríkjanna.



Elsku hjartans eiginmaður minn, pabbi, tengdababbi og afi,
Guðjón Elí Sturluson
frá Ísafirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 18. janúar. Útförin fer fram í Digraneskirkju miðvikudaginn 25. janúar kl. 13.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans.

Hrefna Rósínbergsdóttir

Elisa Guðjónsdóttir

Nóa Sólrún Guðjónsdóttir

Haraldur Ketill Guðjónsson

Friður Guðmundsdóttir

Jónas G. Sigurðsson

Sigrún Inga Gunnarsdóttir

Ríkarður S. Ríkarðsson

og barnabörn



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hrönn Jóhannesdóttir

Hamraborg 18, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Móbergi þriðjudaginn 17. janúar. Útför verður auglýst síðar.

Arndis Baldursdóttir

Sólborg Baldursdóttir Karl Grant

barnabörn og barnabarnabörn



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Finnur Arnþór Eyjólfsson

Njarðarvöllum 2, Reykjanesbæ,

lést á Hrafnistu Nesvöllum, fimmtudaginn 12. janúar.

Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Þorbjörg Finnsdóttir

Lúðvík Finnsón

Ragna Finnsdóttir

Eyjólfur Finnsón

Erla Finnsdóttir

Guðrún Finnsdóttir

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn

Þorleifur Gíslason

Guðlaug Þorsteinsdóttir

Yvette Lau

Kristján Lars Kristjánsson

Hörður Hilmarsson

barnabörn

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Lopapeysan er ansi praktísk flik í kvöldmessu á þorranum.

MYND/ADSEND

Lopapeysumessa í Keflavík

Lopapeysumessa er bóndadags-hefð sem skotið hefur rótum í Keflavík. Prestur kirkjunnar segir þemamessur almennt vinsælar.

arnartomas@frettabladid.is

Í dag, á bóndadag, gengur þorinn í garð með öllum sínum þjóðlegu síðum og köldum blæstri. Ein af nýrri þorra-hefðum landans er svokölluð lopapeysumessa sem spratt upp í Keflavík á síðustu árum og hefur fest rætur í kjölfar bóndadagsins. Á sunnudagskvöld leiðir séra Fritz Már Jørgensson lopapeysumessuna í Keflavíkurkirkju en hann er sjálfur ekki alveg viss um hvernig síðurinn sé tilkominn.

„Ég held að þetta hafi nú bara verið góð hugmynd sem einhver hefur fengið,“ segir hann. „Fyrst um sinn voru það karlarnir í kirkjukórnum sem ákváðu að vera í lopapeysu eftir bóndadaginn þegar þeir sungu.“

Fritz útilokar ekki að ofan í klæðaburðinn verði messan sjálf mögulega dálítið þorrablandin.

„Við reynum að hafa þetta bara létt og skemmtilegt, í anda þess að þorinn er genginn í garð. Við tölum kannski aðeins um súran mat og svona,“ segir hann og hlær. „Það er aðalatriðið að hafa þetta bara á léttu nótnum með góðri tónlist og svona. Það er ekki að vita nema við tökum eins og eitt gott þorralag.“



Auðvitað á kirkjan að vera þannig. Ef fólk vill mæta í lopapeysu þá mætir það bara í lopapeysu.

Ekkert betra en íslensk peysa

Í vetrarhörkunum sem gengið hafa yfir landið upp á síðkastið hljómar það ansi praktískt að geta mætt peysuklæddur í kirkjuna. Fritz tekur þar undir.

„Auðvitað á kirkjan að vera þannig. Ef fólk vill mæta í lopapeysu þá mætir það bara í lopapeysu.“

Áttu sjálfur góða peysu?

„Já, ég á sko góðar peysur,“ svarar Fritz,

með áherslu á fleirtöluna, aðspurður hvort hann verði nú ekki rétt klæddur í messunni. „Ég elska útivist og þá verður maður að eiga góða lopapeysu. Það er ekkert betra en þessar íslensku.“

Kirkjustarf í Bitlabæ

Lopapeysumessan er ekki eina þemamessan sem fer fram í Keflavíkurkirkju. Sem dæmi má nefna mótörhjólamessu, bleika messu, göngumessu og svo mætti lengi telja.

„Við reynum hvað við getum að vera með þemamessur og reynum þá einmitt að tengja inn á hitt og þetta,“ segir hann og bætir við að það verði að sjálfsögðu líka messa í tengslum við konudaginn „Það verður svo væntanlega U2-messa hjá okkur í vor þar sem við ætlum að taka nokkur vel valin lög frá þeim.“

Verður þá predikað með Bono-gleraugu?

„Ég veit svo sem ekki hvort okkar verður með messuna, en ég er sannfærður um að það okkar verði með Bono-gleraugun,“ segir hann. „Við erum auðvitað svo lánsöm að búa í Bitlabænum því hér er allt vaðandi í tónlist sem fellur vel að því sem við erum að boða.“

Fritz segir að lokum að þemamessurnar hafi falli vel í kramið hjá gestum kirkjunnar.

„Hér er almennt góð mæting.“

Lopapeysumessan hefst klukkan 20 á sunnudagskvöld. ■

Halldórs Rafnar minnst í Blindrafélaginu

arnartomas@frettabladid.is

Í dag eru liðin hundrað ár frá fæðingu Halldórs Rafnar, fyrrverandi formanns og framkvæmdastjóra Blindrafélagsins. Í tilefni þeirra tímamóta boðaði Blindrafélagið ásamt fjölskyldu Halldórs til minningarathafnar í gær þar sem Halldórs og þess mikilvæga starfs sem hann vann í þágu blindra og sjónskertra var minnst.

Halldór kom fyrst á fund Blindrafélagsins snemma á áttunda áratugnum eftir að hafa misst sjónina árið áður. Hann var fljótlega kjörinn í stjórn félagsins og varð formaður þess stuttu síðar. Halldór var fyrstur blindra Íslendinga til að fara í endurhæfingu í Torquy í Bretlandi. Hann kom þaðan gjörbreyttur maður og varð mikilvirkur í baráttu blindra og sjónskertra á Íslandi.

„Hann tók sérstaklega á einum hlut sem fólk gerði gjarnan og gerir enn – að spyrja sjóndapran einstakling hvort hann viti hver maður sé þegar maður hittir hann,“ segir Gísli Helgason, fyrrverandi formaður Blindrafélagsins og vinur Halldórs. „Þegar ég var sjálfur fimm eða sex ára að dreifa blöðum í Vestmannaeyjum þá var mér stillt upp og spurður af mörgum einstaklingum á fjölmönnum vinnustað hvort ég vissi hver væri að tala við mig. Ég brotnaði alveg niður.“



Frá athöfninni í Blindrafélaginu í gær.

MYND/ADSEND



Þegar Halldór fór að tala um þetta var eins og margir vöknudu til meðvitundar.

Gísli segir að þegar þetta sé gert við hann þá verði hann alveg brjálaður.

„Þegar Halldór fór að tala um þetta og ýmsa aðra hluti sem tengjast blindu og sjónskertu fólk þá var eins og margir vöknudu til meðvitundar,“ útskýrir hann. „Halldór hafði þann góða kost að hann var jákvæður maður, skemmtilegur og átti auðvelt með að koma orðum að því sem hann var að hugsa.“ ■

NÝTT
NÝTT!

Svefn er öllum
nauðsynlegur



Sleep Aid – 1mg. Melatónín

Bragðgóður munnúði

Melatónín stuðlar að því að draga úr þeim tíma sem þarf til að sofna.

Einn úði fyrir svefn undir tungu eða innan á kinn

- Einfalt og þægilegt
- 200 dagskammtar
- Engin sykur né gervisykur
- Vegan
- Aðeins fyrir fullorðna

Munnúðinn nýtist líkamanum allt að 50% betur en hefðbundnar töflur og hylki, þar sem innihaldið frásogast beint í gegnum slímhúð munnhols og út í blóðrásina.

Fæst í flestum apótekum, Fræinu Fjarðarkaup, Hagkaup og Heilsuhúsinu Kringlunni.

SJÓNVAÐSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

- 18.30 Fréttavaktin
19.00 Íþróttavikan með Benna Bó
19.30 Íþróttavikan með Benna Bó
20.00 Bióbærinn Fjallað er um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
20.30 Fréttavaktin
21.00 Íþróttavikan með Benna Bó Íþrótt- og skemmti-þáttur með Benedikt Bóasi.

RÚV SJÓNVARP

- 13.00 Heimaleikfimi
13.10 Kastljós
13.35 Enn ein stöðin
14.00 Örlæti
14.20 HM karla í handbolta (Slóvenia - Spánn)
16.20 Besta mataræðið
17.20 Vísindahorn Ævars
17.30 KrakkaRÚV
17.31 Listaninja
17.59 Heimilisfræði
18.05 Húllumhæ
18.20 Lag dagsins
18.30 Fréttir
18.53 Veður
19.00 HM stofan
19.20 HM karla í handbolta Bein útsending frá leik Íslands og Svíþjóðar í milliriðli á HM karla í handbolta.
21.00 HM stofan Uppgjör á leik Íslands og Svíþjóðar á HM karla í handbolta.
21.40 Vikan með Gísla Marteini
22.35 The Secret of Marrowbone Hrollvekjandi spennumynd frá 2017. Á hinu afskekktu Marrowbone-setri búa fjögur systkini. Þau hafa haldið dauða móður sinnar leyndum til að koma í veg fyrir að þau verði aðskilin og sett í fóstur. Eitthvað óhreint ásækir þau samt því vistarverur hússins búa yfir myrkum leyndarmálum. Leikstjóri: Sergio G. Sánchez. Aðalhlutverk: Anya Taylor-Joy, George MacKay og Charlie Heaton. Myndin er ekki við hæfi barna yngri en 16 ára.
00.30 Shakespeare og Hathaway Breskir gamanþættir um einkaspæjarana Luellu Shakespeare og Frank Hathaway sem leysa sakamáli í bænum Stratford-upon-Avon. Aðalhlutverk: Mark Benton og Jo Joyner. e.
01.15 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Tónlist
13.00 Dr. Phil
13.42 The Late Late Show with James Corden
14.31 The Block
16.55 Survivor
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show with James Corden
19.10 The Block
20.10 Love Song Kántrísöngvari í harkinu kynnist lagahöfundu frá Nashville sem er í leit að innblæstri. Þau ákveða að vinna saman og semja nýtt lag og verður þetta samstarf oft á tíðum flókið en einnig gefandi.
21.35 Anchorman 2: The Legend Continues
23.25 Scream 2
01.20 G.I. Joe: Retaliation
03.10 From

STÖÐ 2

- 08.00 Heimsókn
08.15 Grand Designs
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Race Across the World
10.20 McDonald and Dodds
11.55 Út um viðan völl
12.30 10 Years Younger in 10 Days
13.15 The Carrie Diaries
13.55 Ég og 70 mínútur
14.30 Fávitar
14.45 First Dates Hotel
15.35 Augnablik í lífi - Ragnar Axelsson
16.05 Stóra sviðið
17.35 The Carrie Diaries
17.40 Bold and the Beautiful
18.00 Call Me Kat
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
19.00 Körrent í þáttunum KÖRRENT ætla Lil' Curly, Dóra Júlía og Kristín Ruth að vera með puttann á pulsinum á Idolinu næstu vikurnar ásamt því að fylgjast grant með víbrum borgarinnar og öllu sem er körrent í íslensku samfélagi í dag, hvort sem það er djammað eða háfleygir menningarviðburðir.
19.15 Misbehaviour
21.00 Idol Stöð 2 leitar að næstu Idol-stjórn og það er óhætt að lofa frábærri skemmtun enda stefnir í stærsta og glæsilegasta skemmtiþátt vetrarins. Í dómnefnd sitja Birgitta Haukdal, Herra Hnetusmjör, Briet og Daniel Ágúst og kynnar eru þau Aron Már og Sigrún Ósk.
23.10 Land
00.35 Last Knights
02.25 The Ice Road

Forsetinn ræðir um HM í handbolta og fréttir vikunnar

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, fær sér sæti í Íþróttavikunni með Benna Bó í kvöld á Hringbraut. Með honum verður íþróttafréttastjóri Torgs, Hörður Snævar Jónsson. Þeir félagar fara yfir fréttir vikunnar.

Þá fer hann yfir sviðið á HM í handbolta sem nú stendur sem hæst en handbolti stendur forsetanum nærri. Þá verður Dagný Brynjarsdóttir, fyrirlíði West Ham, á línunni frá London. ■



KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 slitur
5 nöldur
6 ekki
8 talin
10 tveir eins
11 svolítið
12 mjög
13 verkfæri
15 rembast
17 kryddjurt

LÓÐRÉTT

- 1 aðstoðar
2 íþrótt
3 regla
4 renta
7 eðli
9 kynngi
12 skynfæri
14 niðurlag
16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 hrafi, 5 jag, 6 ei, 8 álitin, 10 lí, 11 ógn, 12 af, 13 alur, 15 rogas, 17 karsti.
LÓÐRÉTT: 1 hjálpar, 2 ráll, 3 agi, 4 leiga, 7 inn-rætti, 9 töfrar, 12 auga, 14 lok, 16 ss.

SUDOKU

		6	1		7		3	8
					2			
8	4							5
				7				
5			3	6	1	9	4	
2		1		8				7
		5	2		4	3		9
1	2		6			4	8	5
						1	2	

			3	8		7		5
9		4		1			2	
		8			2			
2						9		1
7		6					5	
1			4					
	9	5					6	3
4	6							
				4	8			

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárrétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aðrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

PONDUS



FRODE ØVERLI

Í VIKULOKIN

Gamaldags sjóðasukk smáþjóðar með minnimáttarkennd



Ólafur Arnarson
olafur@frettabladid.is

Á Íslandi eru starfræktir sjö háskólar. Íbúar landsins eru um 370 þúsund. Þetta þýðir að á bak við hvern háskóla eru innan við 53 þúsund íbúar. Í Danmörku mun þykja hæfilegt að hafa einn háskóla á hverja 500 þúsund íbúa.

Hvað er eiginlega að okkur Íslendingum? Flotræfingarskólinn ríður ekki við einteyming.

Engu er líkara en að fjöldi háskólastofnana hér á landi sé birtingarmynd minnimáttarkenndar sem brýst fram í mikilmennsku-brjálaði.

Hér á landi væri tilvalið að hafa tvo öflugra háskóla, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Undir hatti HÍ gæti verið Háskólinn á Akureyri, auk bændaskólanna að Hólum og Hvanneyri, sem væru þá deildir eða útibú frá HÍ. HR gæti tekið Bifröst og Keili.



Slagkrafturinn yrði enn fremur mun meiri hjá tveimur stórum og öflugum háskólum en þegar kröftum og fjármunum er dreift á sjö misöflugra skóla.

Með þessu móti mætti spara mikla fjármuni við yfirstjórn og stöðdeildir skólanna, auk þess sem kennsla og akademískt starf yrði öflugra en nú er. Slagkrafturinn yrði enn fremur mun meiri hjá tveimur stórum og öflugum háskólum en þegar kröftum og fjármunum er dreift á sjö misöflugra skóla.

Í haust tilkynnti Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, um stofnun sérstaks tveggja milljarða sjóðs – Samstarfsjóðs háskóla – sem „ætlad er að ýta undir öflugt samstarf allra háskóla á Íslandi.“ Í stað þess að sameina skóla, einfalda og spara fjármuni er með öðrum orðum farið í gamaldags sjóðasukk.

Í síðustu viku var fyrsta úthlutun úr sjóðnum. Þá var tilkynnt að háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefði ákveðið að úthluta

meira en milljarði króna til „aukins samstarfs háskóla með það að markmiði að auka gæði námsins og samkeppnishæfni skólanna.“

Meðal verkefna sem hlutu náð fyrir augum úthlutunarnefndar og ráðherra er verkefni sem stuðlar að því að nemar í meistaranámi geti stundað nám í mörgum skólum á sama tíma! Var ekki bara hægt að fækka skólunum? Er eitthvað sem bannar skólum að starfa saman? Þurfa skattgreiðendur að styrkja slíkt sérstaklega?

Þegar hið nýja ráðuneyti Áslaugar Örnú var stofnað í þeim tilgangi að fjölga ráðherrastólum til að ráðherrakapallinn gengi upp við síðustu stjórnarmyndun var slegið á að stofnun ráðuneytisins kostaði skattgreiðendur tvo milljarða. Nýi sjóðurinn tvöfaldað þann kostnað og sjáum við þó rétt toppinn á ísjakanum. ■

SKÁK

Hvítur á leik



Thomas Beerdson átti leik gegn Eline Roebers (2.361) á Tata Steel-mótinu í Wijk aan Zee.

32. Bb4! c5 33. Bxc5! 1-0. Svartur er mæt eftir 33...Dxc5 34. Dd8+ Ke6 35. Dd7#. Davíð Kjartansson og Arnar Milutin Heiðarsson eru efstir með fullt hús að loknum fjórum umferðum á Skákþingi Reykjavíkur. NM skólasveita fer fram í Danmörku um helgina. Vatnsenda- og Lindaskóli eru fulltrúar Íslands.

www.skak.is: Tata Steel-mótið.



Þorvaldur S.
Helgason
tsh
@frettabladid.is

Byltingarleikhús elstu kynslóðarinnar

Hjónin Arnar Jónsson og Þórhildur Þorleifsdóttir leika í verkinu Marat/Sade sem frumsýnt er í Borgarleikhúsinu í dag. Leikhópurinn samanstendur af sannkölluðu stórkotaliði úr elstu kynslóð sviðslistafólks en þau yngstu eru um sjötugt og sá elsti níuæður.

tsh@frettabladid.is

Leikritið Marat/Sade eftir Peter Weiss var fyrst sett upp á Íslandi í Þjóðleikhúsinu 1967. Tveir úr núverandi leikhóp tóku þátt í þeirri sýningu, þau Sigurður Skúlason sem fer með hlutverk Jean-Paul Marat og Margrét Guðmundsdóttir sem leikur sama hlutverk og hún gerði fyrir tæpum 56 árum.

Arnar: „Ég var ekki í Þjóðleikhúsinu á þeim tíma en hins vegar eru manneskjur í þessu verki núna sem voru í þeirri sýningu. Hugmyndin er sú að það er enginn undir sjötugu á sviðinu.“

Leikrit inni í leikriti

Marat/Sade er eins konar „leikrit inni í leikriti“ en frásögnin gerist á geðveikrahælinu Charenton árið 1808 og segir frá leikriti sem De Sade markgreifi setur upp ásamt vistmönnum hælisisins sem fjallar um morðið á byltingarhetjunni Jean-Paul Marat í frönsku byltingunni 1793.

Arnar: „Leikararnir eru að leika geðsjúklinga, sem eru að leika hlutverk í leikriti sem hælisstjóri Charenton, sem var mjög framsýnn maður og vildi fremur láta fólk gera eitthvað skapandi en hlekkja það niður, fékk De Sade markgreifa til að skrifa og setja upp. De Sade velur að semja leikrit um dauða Jean-Paul Marat.“

Arnar fer með hlutverk De Sade markgreifa sem aðhylltist upphaflega frönsku byltinguna en varð henni síðar afhuga og snýst leikritið að stórum hluta um samræður Marat og De Sade um byltinguna. Þórhildur bætir við að geðveikrahæli þess tíma hafi verið eins konar geymsluhús stjórnvalda fyrir fólk sem var óþægilegt stjórnvöldum.

Þórhildur: „Já, og bara alls konar fólk, það var ekkert endilega geðveikt. Þetta hæli var til og var kallað geðveikrahælið Charenton. En Sade var náttúrulega ekkert geðveikur, hann var bara óþægilegur maður og pólitískur fangi.“

Brekka fyrir marga

Leikstjóri Marat/Sade er Rúnar Guðbrandsson sem hefur áratugum saman verið í framlínu tilraunaleikhúss á Íslandi með leikhópi sínum Lab Loka.



Leiklistarhjónin Arnar Jónsson og Þórhildur Þorleifsdóttir á heimili sínu við Skólavörðustíg.
FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Það er enn þá rosaleg æskudýrkun í leikhúsinu. Það er alveg furðulegt hvernig leikhúsin haga sér að henda reynslu.

Þórhildur Þorleifsdóttir

Hvernig er stemningin í hópnum?

Arnar: „Það er bara ágætis stemning út af fyrir sig. En þetta er dálítill brekka fyrir marga, ég held að það sé óhætt að segja það. Það er ekki alveg einfalt að snúa aftur á svið eftir langan tíma. Sérstaklega af því það eru allir leikararnir á sviðinu allan tímann, það er verið að syngja og það er mikil hreyfing á fólki og margt að læra.“

Þórhildur: „Sjálfr hef ég ekki komið á svið í tæp fimm tíu ár. Ég hljóp tvisvar eða þrisvar inn í sýningar sem ég setti upp sjálf en er búin að vera viðloðandi leikhúsið allan þennan tíma. Þannig að þetta er allt ódrúvísi fyrir mig en þá sem hafa kannski ekki komið nálægt leikhúsinu í áratugi.“

Í verkinu fer Þórhildur með hlutverk vistmannsins á geðveikrahæli

inu, gamallar ballerínu með Alzheimer. Þórhildur steig fyrst á svið Þjóðleikhússins sem ballettdansari aðeins ellefu ára og segir hún það því gaman að loka hringnum með því að leika og dansa á sviði Borgarleikhússins.

Æskudýrkun í leikhúsinu

Það er ekki algengt í íslensku leikhúsi að settar séu upp sýningar sem eru einungis skipaðar eldri leikurum. Þórhildur og Arnar eru bæði sammála um að í leikhúslífinu hér á landi sé of mikil æskudýrkun.

Þórhildur: „Því miður hefur þetta einkennt síðustu tvo áratugi eða svo og það er enn þá rosaleg æskudýrkun í leikhúsinu. Það er alveg furðulegt hvernig leikhúsin haga sér að henda reynslu.“

Arnar: „Já, við erum ekki alveg svona rík, við ættum að nýta þetta margfalt betur.“

Þórhildur segir að kynslóðin á undan þeim Arnari hafi fengið tækifæri til að leika mun lengur en núna sjáist sjaldan leikarar yfir miðjum aldri á sviðum leikhúsanna.

Þórhildur: „Það er mjög lítil breidd. Auðvitað verður alltaf að ala upp nýjar kynslóðir en það á ekki að gerast með því að henda fólki

og taka inn nýtt, heldur með því að taka fólk upp á færifandið og láta það færast með.“

Hugmyndafræðileg átök

Marat/Sade var fyrst sett upp í Þýskalandi 1963 en eins og áður sagði gerist verkið á árunum um og eftir frönsku byltinguna. Í verkinu mætast því mörg ólík tímaseið.

Arnar: „Það merkilega við þetta verk er að það hefur staðist tímans tönn. Mér fannst dálítið merkilegt að þegar ég fór að lesa um De Sade komst ég að því að hann var fyrst og fremst leikhúsmaður og skrifaði alveg ótal, ótal verk. Þó sat hann inni í fangelsi mestan part ævi sinnar, hann sat inni undir kónginum, undir byltingarmönnum og síðar undir Napóleoni.“

Þórhildur bætir við að í Marat/Sade séu hugmyndafræðileg átök sem tali beint inn í okkar samtíma.

Þórhildur: „Þetta er hugmyndafræðilegt samtal um skiptingu auðs og valds. Það er nú alveg klassískt umræðuefni þó svo að í velsæld undanfarinna ára hafi menn ýtt þessu undir borðið og sagt að allir séu jafnir og hafi það svo æðislega gott. Vissulega höfum við mörg það gott en við sjáum nú bara til dæmis átökin sem eru í verkalyðshreyfingunni. Þetta eru hugmyndafræðileg átök sem eru ekkert liðin undir lok.“

Arnar: „Þannig held ég að áhorfendur muni einmitt finna fyrir þessum átökum. Hvað birtist þarna, það kallast alveg á við það sem fólk er að upplifa í dag.“ ■



Maria Alyokhina með leiðsögn um sýningu Pussy Riot

tsh@frettabladid.is

Maria (Masha) Alyokhina, forsprakki Pussy Riot, mun halda tvær leiðsagnir um yfirlitssýningu listhópsins í Kling & Bang á næstu dögum.

Sýningin Flauelshryðjuverk – Rússland Pussy Riot í Kling & Bang hefur vakið mikla athygli en um er að ræða fyrstu yfirlitssýningu á gjörningum og listaverkum þessa þekktu rússneska andóflisthóps.

Vegna mikillar aðsóknar að sýningunni hefur hún verið framlengd til 29. janúar. Leiðsagnirnar fara fram næsta laugardag, 21. janúar, klukkan 15.00, og fimmtudaginn 26. janúar klukkan 20.00.

Í viðtali við Fréttablaðið í nóvember síðastliðnum sagði Masha Alyokhina um sýninguna:



Sýningin Flauelshryðjuverk í Kling & Bang er fyrsta yfirlitssýningin á verkum Pussy Riot.

„Fyrir margt fólk er Rússland núna bara hryðjuverkaríki og fyrir það var það svartur ókannaður blettur á landakortinu. Við erum að opna rifu á gluggann um það hvernig Rússar eru að mótmæla Pútín og hvernig við höfum reynt að vekja athygli á því sem er í gangi þar í landi, sérstaklega eftir að við eyddum tveimur árum í fangelsi.“

Í tilkynningu frá Kling & Bang segir að um sé að ræða einstakt tækifæri til að heyra frásögn Mariu (Möshu) um gjörninga Pussy Riot og baráttu þeirra fyrir frelsi og réttlæti.

Sýningarstjórar Flauelshryðjuverk – Rússland Pussy Riot eru Dorothee Kirch, Ingibjörg Sigurjónsdóttir og Ragnar Kjartansson. Leiðsagnirnar fara fram á ensku og aðgangur er ókeypis. ■



Maria (Masha) Alyokhina á sýningu Pussy Riot í Kling & Bang.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYFÓR

Ragnhildur Þórðardóttir, betur þekkt sem Ragga nagli, segir þá sem strengdu áramótaheit um lífsstílsbreytingar í upphafi árs og eiga nú mögulega um sárt að binda þegar líður að lokum janúar ekki þurfa að örvænta.

odduaevar@frettabladid.is

„Það byrjar gjarnan að kvarnast úr hópnum í kringum enda janúar og svo yfirleitt í kringum Valentínusardag eru flestir þessir „nýársheitungar“ horfnir á braut og það auðvitað viljum við ekki,“ segir einkaþjálfarinn og heilsusálfræðingurinn Ragnhildur Þórðardóttir um þá fjölmörgu sem eflaust hafa strengt nýársheit um að lifa betri og heilsusamlegri lífsstíl árið 2023.

Fréttablaðið leitaði á naddir Röggum um hvatningarorð til þeirra sem mögulega eru að ströggla við að halda heitin, nú þegar líður að lokum janúar. „Ég er alltaf að reyna að brýna fyrir fólki að í stað þess að það setji sér útkomumarkmið að það setji sér hegðunarmarkmið,“ segir Ragga.

Hún segist ráðleggja öllum að setja venjur ofar útkomu. Útkomumarkmið séu gryfja sem margir falli í, þar undir falli meðal annars að ætla sér að missa tíu kíló eða taka þátt í Járnkárlinum á einhverjum tímamarki.

„Það eru þessar stóru yfirlýsingar um hvað það er sem ég ætla að ná,“ segir Ragga sem segir mikilvægt að sleppa því og byrja þess í stað á byrjuninni.

„Ef við setjum okkur hegðunarmarkmið erum við að skoda hvaða hegðun við ætlum að framkvæma. Ef við ætlum að ná einhverri útkomu þá er það alltaf samansafn af einhverri hegðun yfir langan tíma.“

Ragga segir flesta hugsa um það að ef þeir ná ákveðnu markmiði í ræktinni þá verði þeir rosa hraustir og flottir. Þá sé fólki hins vegar að hugsa um útkomuna.

„Við þurfum að láta venjurnar okkar og hegðun verða sönnunargagn fyrir því að ég sé þessi manneskja. Þannig að hver einasta litla hegðun eða litla venja styrki þá ímynd af því sem við viljum vera,“ segir Ragga.

„Þannig að í stað þess að hugsa okkur að um leið og við klárum þetta maraþon, til dæmis, þá verðum við ímynd hreystinnar. Það er ekki þannig, hugsaðu það bara þannig að þú sért nú þegar ímynd hreystinnar og spurðu þig: Hvað þarf ég að gera til að styrkja þá ímynd? Byrjum þar.“

Ragga segist skilja vel áhersluna á útkomuna hjá fólki. „Hún er rosa-

Ragga nagli biður þá sem strengdu áramótaheit um að gefast ekki upp



Þyngsta lyftan sem þú gerir í ræktinni er þegar þú lyftir húninum á útidyrhúðinni.

Ragga nagli



Ragnhildur Þórðardóttir er með mikivæg ráð til þeirra sem eru mögulega við það að gefast upp á áramótaheitunum. MYND/ADSEND

lega sexí. Við lesum frétt um að einhver hafi misst 50 kíló. Það eru hins vegar engar fréttir um alla hegðunina sem leiddi til þess,“ segir Ragga, þar sé einungis frétt af útkomunni.

Hún segir að heilsuhegðun þurfi að vera verðlaunuð samkvæmt vanafrejunum til að byrja með. „Þegar kemur að heilsuhegðuninni eru verðlaunin langt í framtíðinni en refsingin hér og nú. Það er erfitt að segja: nei, ég ætla að panta mér kjúklingabringu frekar en hamburgara og skrefin af sófanum eru þung,“ útskýrir þjálfarinn.

„En verðlaunin koma svo fram eftir 5, 6, 7 eða 8 mánuði. Við sjáum breytinguna langt fram í tímann og þess vegna, þegar við erum að byrja, þurfum við að gripa í ytri verðlaun til þess að koma okkur af stað. Lofa okkur, ef við förum í ræktina, að fá okkur uppáhaldskaffibollann okkar eða fara í sánu eða heita pottinn. Kaupa okkur uppáhalds Nike-jakkann okkar þegar við höfum farið tíu sinnum,“ segir Ragga.

Með tímanum fari verðlaunin að vera fölgín í sjálfri hegðuninni. Ragga segir það svo skipta máli að brjóta hegðunina niður og gera hana eins auðveld og hægt er.

„Svo að við getum byrjað þá þarf þetta að vera auðvelt, augljóst og aðlaðandi,“ segir Ragga og nefnir að margir ná miklum árangri jafnvel þótt þeir fari bara í ræktina í 10 mínútur í senn tvisvar, til þrisvar í viku.

„Það er of mikið að ætla sér að fara 60 mínútur í rækt fimm sinnum í viku úr 0 mínútum. Það er 300 prósent aukning! Það eru til frásagnir af fólki sem hefur misst 50, jafnvel 100 kíló á ári, en það fór bara í ræktina í tíu mínútur, kannski þrisvar í viku. Bara því þau masteruðu mætinguna,“ segir Ragga.

„Masteraðu mætinguna og bættu síðan við þegar þér hentar. Það er bara fúndamental. Þetta er stærsti hlutinn af þessu. Þyngsta lyftan sem þú gerir í ræktinni er þegar þú lyftir húninum á útidyrhúðinni,“ útskýrir Ragga. ■

Heimsmetið verður slegið í Kórnum um helgina

odduaevar@frettabladid.is

Stærsta þorrablot í heimi verður haldið í Kórnum í kvöld, sjálft Kópavogsblotið. Að því standa íþróttafélög í bænum, Breiðablik, HK og Gerpla.

„Þetta eru náttúrulega íþróttafélög sem eru stærst á sínu sviði,“ segir Jón Sigurður Garðarsson, einn skipuleggjenda blótsins og það má heyra á honum að hann er allur að girast upp fyrir herlegheitin. Búist er við 2.500 gestum á blótið sem er met frá því fyrstu tvö árin sem það var haldið, 2019 og 2020, en þá mættu rúmlega 2.000 manns.

„Bara gólfbloturinn sem þarf að kovera er í kringum 5.000 fermetrar í knathöll sem lítur þannig út þegar þú kemur inn á kvöldinu að þú ert ekki að labba inn í íþróttahús, þú ert að labba inn á veitingastað, sem er náttúrulega bara geggjað,“ segir Jón sem girast meira upp í spennu fyrir blótinu eftir því sem líður á spjallið.



Hann eys alla samstarfsaðila lofi. „Svo þurfum við að ræða veislustjórana,“ segir Jóhanna en veislustjórarnir eru þeir Auðunn Blöndal og Steindi jr. „Þeir eru náttúrulega svo

miklu meira en veislustjórar, þeir eru einfaldlega bara partihaldarar. Ég hitti þá á fundi í gær eða fyrradag og það kom mér á óvart hvað Steindi er skynsamur. Ég hélt að hann væri

Jón Sigurður var mjög heillaður af veislustjórnum Steinda og Auða eftir fund með þeim og segir þá svo miklu meira.

MYND/ADSEND



Jón Sigurður Garðarsson

algjör sauður en þeir eru alveg með þetta,“ segir Jóhanna skellihljáandi.

„Með öllu þessu og svo undrakokkinum í Café de Múl, hann er ekki að fara að gefa smáfuglunum að borða þarna, hann er að fara að gefa fólki alvöru mat,“ segir Jóhanna sem segir iðnaðareldhús hafa verið byggt í Kórnum.

„Við byrjuðum að skipuleggja þetta í september. Að sjálfsögðu er þessu svo ekki lokið fyrir okkur, því svo þarf að taka allt niður og það tekur tíma og svo þurfum við að halda fund og fara yfir hvað betur má fara,“ segir Jón.

„Félögin í Kópavogi eru líka frábær, að þau hafi sameinast. Ekki geta FH og Haukar haldið svona, eða KR og Grótta. Þar er allt logandi í illdeilum og leiðindum en það er ekki að finna það hér. Þetta kemur rosalega mörgum á óvart og bærinn er gríðarlega velviljaður líka,“ segir Jón.

Það hafi farið gríðarlegur tími í að koma öllu saman fyrir kvöldið og ljóst að það verður heimsmet slegið, stærsta þorrablot í heimi. „Ég segi nú líka sko: Ég er uppáhalds tengdasonur tengdamóður minnar. Og hún getur ekkert neitað því, því ég er sá eini,“ segir Jón hljéjandi.

„Það er það sama með þetta. Það er mjög auðvelt að setja heimsmet í því að halda þorrablot, það er bara að vera stærri heldur en Kópavogsblotið. Það er hvergi haldið annars staðar í heiminum, þannig að þetta er bæði Íslands- og heimsmet og við gerum mikið úr því,“ segir Jón hress í bragði. ■

RIF
RESTAURANT

HM TILBOÐ 

**KJÚKLINGA
VÆNGIR**

eða beinlausir kjúklingabitar

+

BJÓR

á krana, vínglas eða gos

= 2.490 KR

Alla daga frá kl 14:00

ÁFRAM ÍSLAND!

Gildir út 29.janúar 2023



Andri Steinn Hilmarsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi.

Héldu að Andri hygðist taka vatnið af Kópavogi

odduraevar@frettabladid.is

„Þetta hafa verið langir dagar og það skein kannski í gegn þarna,“ segir Andri Steinn Hilmarsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi, sem varð það á að birta tilkynningu á Facebook-vegg sínum sem átti eingöngu að fara til húsfélags hans, um að hann hygðist taka vatnið af.

„Vatnið fer ekki af í kvöld heldur annað kvöld klukkan 20.30. Það verður síðasta skipti sem ég þarf að taka það af,“ skrifaði Andri á Facebook. „Ég var búinn að vera að hringla með þetta fram og aftur og var að taka vatnið af öllu húsinu og við höfum verið að vinna í þessu eftir vinnu og höfum reynt að upplýsa fólk um þetta, við höfum þurft að taka vatnið af tvisvar áður og þetta var í þriðja skiptið,“ segir Andri.



Þetta sýnir manni bara það að maður er ekkert ungur að eilífu.

„Svo hendi ég þessu þarna inn og svo er það ekki fyrr en korteri seinna að nágranninn á hæðinni fyrir ofan mig kemur og dinglar og upplýsir mig um það að ég hafi hent þessu á rangan stað, þá sé ég að nokkrir voru búnir að hringja til að reyna að benda mér á þetta boomer múv,“ segir Andri og hlær.

Einhverjir spurðu hvort Andri hygðist taka vatnið af öllum bænum og var Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs, meðal þeirra sem slógu á létta strengi við færslu Andra. „Þetta var óheppilegt svona á þessum kuldatíma að lenda í þessu, en þetta sýnir manni bara það að maður er ekkert ungur að eilífu.“ ■



Gott að vera smá smár

Ari Ísfeld segir mikilvægt að karlar geti leyft sér að vera smár. Ari syngur einmitt um það í sínu fyrsta lagi sem kemur út í dag og ber heitið Smá smár.

odduraevar@frettabladid.is

Leikarinn og nú tónlistarmaðurinn Ari Ísfeld gaf á miðnætti út nýtt lag sem ber nafnið Smá smár. Hann segir að lagið sé persónulegt en jafnframt hafi hann líka samið það fyrir leiksýninguna How to make love to a man sem sýnd var í Borgarleikhúsinu í fyrra.

„Það var sýning sem fjallaði um karlmenn og tilfinningar karlmanna. Ég vil alltaf hafa lög í mínum leikritum, bara svona til að sýna hvað ég er flottur að syngja,“ segir Ari í gríni. Í laginu syngur Ari um að hann sé lítill í sér, en að það sé allt í lagi að vera smá smár.



Ég er virkilega spenntur að sjá hvernig fólki list á þetta og geri fastlega ráð fyrir því að halda tónleika í Eldborg von bráðar.

„Við töluðum rosalega mikið um tilfinningar karlmanna í ferlinu við gerð leikritsins og hvað það er í raun mikilvægt sem karlmaður að fá að vera lítill í sér, fá að vera mjúkur, fá að sýna tilfinningar sínar og biðja um knús.“

Ari segist alltaf hafa verið mjúkur maður. „Og grátið mikið og knúsað mikið og fannst það liggja beint við að hvetja aðra karlmenn til þess að opna sig tilfinningalega.“

Einhverjir karlar myndu eflaust fussa og sveia yfir slíkum skilaboðum og vilja harka allt af sér. Ari fellst á að sú menning lifi enn góðu lifi. „Heldur betur. Sérstaklega kannski kynslóð foreldra okkar. Það er lítið verið að opna sig um tilfinningar, en mér finnst það samt vera að breytast á okkar aldri. Alla vegu í kringum mig, en kannski lifir maður alltaf í einhverri búbbu.“

Allt sé verið að hvetja karlmenn til þess að opna sig með mismiklum árangri. „Karlmenn eru hvattir til þess að fara til sálfræðings, ræða tilfinningar sínar við vini sína en samt er það einhvern veginn alltaf sama gamla sagan og sjálfsvígstíðni meðal karlmanna því miður enn há.“

Ari segir að lagið sé þrátt fyrir allt

persónulegt að miklu leyti. „Lagið hljómar auðvitað eins og mér líði illa og vilji knús og það er auðvitað stundum þannig, að ég vilji knús og líði illa. En ég hef alls ekki verið smeykur við að gefa lagið út af því að það sé eitthvað rosalega persónulegt, þó jú, auðvitað séu þetta tilfinningar sem maður finnur.“

Ari hefur aldrei gefið út lag áður. „Ég samdi lagið í febrúar í fyrra og hef aðeins verið að fíkta í því síðan. Þetta er algjört vetrarlag og tilvalið að hlusta á það núna í þessum skítakulda og undir teppi, kveikja á kerti og gráta smá.“

Sjálfur samdi hann laglínur og textann og fékk síðan Magnús Jóhann Ragnarsson vin sinn sér til aðstoðar áður en hann leitaði til annars félaga, gítarhetjunnar Reynis Snæs Magnússonar sem gerði lagið. „Þetta var algjört samvinnuverkefni, ég kann líka ekkert sjálfur,“ segir Ari hlæjandi.

„Ég er virkilega spenntur að sjá hvernig fólki list á þetta og geri fastlega ráð fyrir því að halda tónleika í Eldborg von bráðar. Þetta verða mjög stuttir tónleikar enda spila ég bara þetta eina lag. Hendi kannski remix-i inn í þetta líka,“ segir Ari enn hlæjandi. ■

Ari Ísfeld syngur um að það sé í lagi að vera lítill í sér.

FRÉTTABLAÐIÐ /
SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ

Í helgarblaðinu

U-beygja Jóhönnu Guðrúnar

Eftir skilnað ætlaði Jóhanna Guðrún að vera ein með börnum sínum tveimur, en örlögin tóku í taumana og stuttu síðar var hún komin í sambúð og þriðja barnið, dóttirin Jóhanna Guðrún, bættist í hópinn. Nýbakadri móðurinni bauðst svo draumahlutverk á Akureyri og skoraðist ekki undan.



Svona áföll gleymast ekki

Á mánudaginn eru liðin fimmtíu ár frá því að eldgos hófst óvænt í Vestmannaeyjum. Ágústa Berg Sveinsdóttir var tólf ára þegar gosið hófst og segir hún minninguna um það enn ljósliðandi.



Hentu öllu út úr hesthúsinu

Hesthús Nadiu Katrínar Banine og eiginmanns hennar í Víðidalnum er einkar huggulegt enda hefur það vakið athygli hjá nágrönnum sem hafa jafnvel sótt til þeirra lausnir og hugmyndir.

BRAD PITT

MARGOT ROBBIE



FROM THE DIRECTOR OF LA LA LAND AND WHIPLASH

BABYLON

KOMIN Í BÍÓ

C21 WALT DISNEY PICTURES PRESENTS A DOLBY DIGITAL SOUNDTRACK ALBUM ON INTERSCOPE RECORDS



Með þér á porranum



BÓNUS



BAKÞANKAR



Jóhanna Vigdísar
Guðmundsdóttur

Konur þurfa bara

Konur þurfa bara að vera duglegri að gefa færi á sér í stjórnendastöður og grípa tækifærin. Þá náum við jafnrétti. Eða hvað?

Sumir halda því fram að á bak við konu í leiðtogahlutverki sé það raunverulega karl sem er við stjórnvölinn. Nærtækt dæmi er af farsælum forsætisráðherra, sem hefur verið sökuð um að leyfa karlkyns samráðherra að vera í hinu raunverulega bílstjórásæti ríkisstjórnar-rútunnar. Voru Geir Haarde, Bjarni Ben. og Sigurður Ingi þá ekki við stýrið í forsætisráðuneytinu?

Aðrir kyngerva kvenkyns stjórnendur og taka þannig fókusinn af því sem þær hafa fram að færa. Nýlegt dæmi er að finna undir fyrirsögninni „Ótímabært sáðlát“, þar sem formaður stjórnmalaflokks er sögð hafa toppað of snemma. Hefði Logi Már Einarsson fengið sömu fyrirsögn?

Svo er hægt að segja að hún sé bara „erfið kona“. Eitraður stimpill sem dregur úr vægi alls sem hún hefur fram að færa. Týndust afrek Reynis Lyngdal og Baltasars Kormáks kannski undir fyrirsögnum af „erfiðum körlum“?

Gleymum ekki tímalausri klassík, að draga úr vægi þess sem þær hugsa og segja með því að gagnrýna útlitið. Vinsæll þáttastjórnandi sem gaf konum vettvang til að tjá sig um ofbeldi, er sett fram í líki tröllskessu á fjölskylduskemmtun. Það bætist við hótanir um ofbeldi. Var tröllkarlalíkneski af Gulla Helga nokkuð dregið í kringum bálkóst á prettándabrennu?

Allir ofantaldir karlar eru klárir og sniðugir – og ættu aldrei svona meðferð skilið. Gefum konum líka pláss til að vera klárar og sniðugar. Hægt er að gera betur. ■



Fasteignaleitin

Ný og öflug
fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is



SMARTRÓÐUN



frettabladid.is

★★★★
Þ.T. Mbl
„heimsviðburður“
S.J. Fbl.
„leikhópurinn virkilega sterkur“
EHG. RÚV
„æsandi kvöldstund“
Þ.T. Mbl

Ellen B.
Mayenburgpríleikurinn I

6 Grímuverðlaun

SJÖ ÆVINTÝRI UM SKÖMM
TYRFINGUR TYRFINGSSON

VERTU
ÚLFUR

7 Grímuverðlaun

Þjóðleik húsið

Ekki missa af mögnuðum sýningum!

leikhusid.is